FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

127. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ 2017

Nefndarmenn í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd funduðu í gær fram á kvöld um þá ákvörðun Sigríðar Andersen að hrófla við niðurstöðu matsnefndar um hæfi dómara við Landsrétt. Þegar klukkan var farin að ganga tíu ákvað nefndin að fresta fundi til morguns. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Halldór Gunnarsson skrifar um mannréttindabrot á Íslandi. 14

MENNING Þórunn Elísabet sýnir í Gallerí Klúku í Bjarnarfirði. 26

LÍFIÐ Ragga Gísla semur og flytur Þjóðhátíðarlagið. 34

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Áminntir vegna Atla

Eitt umfangsmesta mál sem komið hefur til kasta úrskurðarnefndar lögmanna varðar fjóra lögmenn Versus lögmannsstofu. Þrír hafa verið áminntir í starfi.

SAMFÉLAG Þrír lögmenn Versus lögmannsstofu hafa verið áminntir vegna máls sem Lögmannafélag Íslands höfðaði gegn þeim og varðar eignarhald Atla Helgasonar í stofunni, en hann var sakfelldur fyrir manndráp árið 2001 og í framhaldinu sviptur lögmannsréttindum.

Að mati úrskurðarnefndar lögmanna stuðluðu lögmennirnir fjórir að því að Atli gæti rekið lögmannsstofu og sinnt lögmannsstörfum. Atli var skráður eigandi stofunnar en lögum samkvæmt mega aðilar sem ekki hafa lögmannsréttindi ekki vera skráðir eigendur að lögmannsstofum. Háttsemi fjórða lögmanns Versus er sögð aðfinnsluverð. Þetta kemur fram í úrskurði úrskurðarnefndar lögmanna sem fréttastofa hefur undir höndum og kemur í framhaldi af kæru Lögmannafélags Íslands (LMFÍ). Félagið krafðist þess að lögmennirnir yrðu sviptir réttindum sínum vegna eignarhalds Atla í Versus.

Atli Helgason, einn eigenda lögmannsstofunnar Versus

»» Lögmannafélag Íslands krafðist þess að lögmenn á Versus yrðu sviptir réttindum vegna eignarhalds Atla Helgasonar á stofunni.

Lögmennirnir fjórir eru Guðni Jósep Einarsson, Þorgils Þorgilsson, Guðmundur St. Ragnarsson, sem fékk tvær áminningar vegna málsins, og Ólafur Kristinsson, en háttsemi hans er sögð aðfinnsluverð þó að hann hafi ekki hlotið áminningu.

Málið er eitt það umfangsmesta sem komið hefur til kasta úrskurðarnefndar lögmanna en þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem LMFÍ beitir sér gegn félagsmönnum sínum með þessum hætti. Félagið fer með ákveðið eftirlitshlutverk með lögmönnum en afmörkun þessa hlutverks var á meðal þess sem deilt var um í málinu.

Versus lögmenn segja í yfirlýsingu til blaðsins að krafa LMFÍ hafi ekki átt við nein rök að styðjast. Félagið hafi farið fram með offorsi og ærnum tilkostnaði sem greiddur sé með gjöldum allra félagsmanna.

Ekki er óalgengt að fólk sem ekki hefur lögmannsréttindi fari með eignarhald í lögmannsstofum, samkvæmt lauslegri athugun fréttastofu. Er það meðal annars uppi á teningnum á lögmannsstofu formanns Lögmannafélagsins, Reimars Snæfells Péturssonar. Þar eiga þrír ólöglærðir einstaklingar hlut í stofunni samkvæmt gildandi skráningu. **sunnak@365.is / sjá síðu 6**

Áhugi fjárfesta á Leifsstöð eykst

VIÐSKIPTI Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, segir umræðu um mögulega einkavæðingu Keflavíkurflugvallar hafa leitt til aukins áhuga erlendra fjárfesta á framvindu málsins.
– hg / sjá Markaðinn

Bláa lónið metið á um 30 milljarða

VIÐSKIPTI Tekjur Bláa lónsins voru yfir tíu milljarðar og hafa meira en þrefaldast á fimm árum. Miðað við afkomu Bláa lónsins á árinu 2016 má gróflega áætla að heildarvirði fyrirtækisins gæti verið um 30 milljarðar.
– hae / sjá Markaðinn

Logi og Katrín þóttu bera af

TÍSKA Lífið fékk nokkra álitsgjafa til að meta hvaða þingmenn hefðu skarað fram úr í glæsileika í eldhúsdagsumræðum. **– bb / sjá síðu 34**

FJÖRÐUR

Vinalega verslunar-miðstöðin!

Ný heimasíða www.fjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR miðbær

100% íslensk ræktunarmold, lífrænn massi og Hekluvikur

- Umpottun á stofublómum
- Í útikerið og svalakassann
- Í garðinn og gróðurhúsið
- Uppeldi á sumarblómum og grænmeti

ÚTSKRIFTAR-BLÖÐRUR OG SKRAUT

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Austan- og suðaustanátt í dag, rigning á N- og A-landi fram yfir hádegi, en annars smá skúrir. Vaxandi austanátt syðst um kvöldið.
SJÁ SÍÐU 22

Fundað um dómara án niðurstöðu

ALÞINGI Það mun liggja fyrir í dag hvaða fimmtán verða skipaðir í embætti dómara við nýtt millidómsstig, Landsrétt, sem tekur til starfa um næstu áramót. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins fundaði um málið fram á kvöld í gær án niðurstöðu.

Ákvörðun Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra um að hrófla í fjórum tilvikum við niðurstöðu dómnefndar um umsækjendur um embætti landsréttardómara hefur verið gagnrýnd af stjórnarandstöðunni. Í málflutningi andstöðunnar hefur komið fram sú afstaða að rökstuðningur ráðherra fyrir því að víkja frá matinu sé ófullnægjandi. Lagði ráðherra því fram minnisblað í gær þar sem niðurstaðan var rökstudd frekar.

Ég sé ekki að það vinnist neitt með því að fresta málinu örlítið.

Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins

„Við höfum kallað eftir því að ráðherra rökstyðji mál sitt með sambærilegum hætti og matsnefndin til að tryggja að rannsóknarreglu sé fylgt," segir Katrín Jakobsdóttir en hún situr í nefndinni meðan málið er til meðferðar.

Samkvæmt dómstólalögum skal skipun landsréttardómara lokið eigi síðar en 1. júní 2017, það er á morgun. Minnihlutinn hefur lagt fram tillögu um að breyta lögunum og fresta skipuninni um nokkra daga.

„Ég sé ekki að það vinnist neitt með því að fresta málinu örlítið," segir Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. Hann á von á að málinu verði lokið í dag. **– jóe**

Mótmæltu stefnu stjórnvalda

Hávær hópur mótmælenda kom saman á Austurvelli um miðjan dag í gær til að láta þingmenn heyra það. Á Facebook-viðburði, þar sem boðað var til mótmæla, var biðlað til fólks að mæta með áhöld sem gætu framkallað hávaða og ekki væri verra ef egg fylgdu með. Lögregla var á staðnum til að fylgjast með mótmælendum en allt fór friðsamlega fram. Mótmælin beindust gegn slæmri stöðu öryrkja hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fatlaðir frekar beittir ofbeldi

VELFERÐARMÁL Fatlað fólk verður frekar fyrir líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi en raunin er hjá þjóðinni almennt. Um 38% fatlaðs fólks höfðu upplifað líkamlegt ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, á móti 18% í þjóðarúrtaki.

Þetta sýna niðurstöður könnunar á heilsu fatlaðs fólks sem Félagsvísindastofnun HÍ vann fyrir velferðarráðuneytið. Könnunin náði til fullorðinna notenda þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin veita. Í úrtaki var 921 einstaklingur og svarhlutfallið 63%.

Niðurstöðurnar könnunarinnar verða meðal annars nýttar við innleiðingu aðgerða í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021. **– jhh**

Um 38 prósent fatlaðs fólks hafa upplifað líkamlegt ofbeldi.

Langþreyttir á bið eftir bókasafnsgreiðslum

Formaður Rithöfundasambandsins segir símalínur hjá sér rauðglóandi. Rithöfundar og myndhöfundar hafa ekki fengið greitt út Bókasafnssjóði því að skipun úthlutunarnefndar hefur dregist. Ráðherra segir skipunarbréf fara út í dag.

MENNING „Ég veit ekki hvað er að í menntamálaráðuneytinu en þetta er með ólíkindum," segir Kristín Helga Gunnarsdóttir, formaður Rithöfundasambands Íslands.

Félagsmenn í Rithöfundasambandinu, Hagþenki og Myndstefni óttast að þeir fái ekki greiddar afnotagreiðslur úr Bókasafnssjóði á réttum tíma þetta árið. Ástæðan er sú að ráðuneytið brást ekki við ítrekuðum kröfum um að skipað yrði í úthlutunarnefnd sjóðsins. Sjóðurinn er 70 milljónir króna og deilist niður á 700 höfunda sem eru myndhöfundar, fræðihöfundar og svo rithöfundar. Hver höfundur á að fá greiddar sextíu krónur fyrir hvert útlán og eiga greiðslur að berast fyrir 1. júní. Réttur til greiðslu er tryggður með lögum um bókmenntir.

Kristín Helga segir að greiðslurnar skipti miklu máli fyrir heimilisbókhald rithöfunda. „Ég nefni barnabókahöfunda sérstaklega sem dæmi. Af því að barnabækur fara mikið á bókasöfnin," segir hún og tekur jafnframt fram að rithöfundar séu láglaunafólk. „Það myndi nú heyrast eitthvað í ráðuneytisstarfsfólki ef það myndi ekki fá launin sín," segir Kristín Helga, sem telur jafnframt að það ætti að vera mjög auðvelt fyrir ráðuneytið að ganga frá málinu.

Úthlutunarnefndin hafi ekki annað hlutverk en að samþykkja úthlutunina formlega. Það sé löngu búið að reikna út hvað hver rithöfundur fær mikið og peningarnir séu til reiðu. Þá sé það hlutverk Rithöfundasambandsins að veita fjármagninu út og þar sé allt til reiðu.

Rithöfundar og myndhöfundar fá greiddar 60 krónur af hverju útláni. Formaður Rithöfundasambandsins segir greiðslurnar skipta máli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég veit ekki hvað er að í menntamálaráðuneytinu en þetta er með ólíkindum.

Kristín Helga Gunnarsdóttir, formaður Rithöfundasambandsins

„Við höfum undanfarnar vikur reynt að ná sambandi við ráðuneytið til að fá þessa úthlutunarnefnd samþykkta. Það liggja fyrir tillögur að skipun nefndarinnar inni í ráðuneytinu og við skiljum ekki hvað veldur," segir Kristín Helga. Hún segir formenn félaganna stórundrandi yfir því að fá ekki svör og fá ekki að vita hvað veldur. „Og hjá okkur glóa allar línur af því að fólk bíður náttúrlega eftir þessum pening," segir hún.

Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði við Fréttablaðið í gær að búið væri að skipa í nefndina. Skipunarbréf myndu fara út í dag. Hann segir ýmsar ástæður fyrir því að það hafi dregist að skipa þessa nefnd.

jonhakon@frettabladid.is

Garðtraktorar
fyrir þá kröfuhörðu

Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Flugfloti Flugfélags Íslands, sem nú heitir Air Iceland Connect.

Fyrirtækin berjist fyrir íslenskunni

MENNING Íslensk tunga á sannarlega í vök að verjast, segir í ákalli frá Íslenskri málnefnd. Nefndin heitir á forystumenn í íslensku atvinnulífi og stjórnendur íslenskra fyrirtækja, stórra sem smárra, að beita áhrifamætti sínum og ganga heils hugar í lið með þeim sem berjast fyrir lífi íslenskrar tungu.

Ákallið er sent í tilefni þess að á dögunum var nafn Flugfélags Íslands lagt niður og tekið hefur verið upp nafnið Air Iceland Connect. Íslensk málnefnd segir að þessi nafnabreyting sé fjarri því að vera einsdæmi. Fjöldamörg íslensk fyrirtæki starfi undir enskum heitum.

– jhh

Á Þingeyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vilja samstarf um byggð á Þingeyri

BYGGÐAMÁL Þingeyri við Ísafjarðardjúp er meðal þeirra byggðarlaga sem skora hæst á mælikvörðum Byggðastofnunar vegna verkefnisins Brothættar byggðir.

Þetta kemur fram í bréfi til Ísafjarðarbæjar frá Byggðastofnun sem vill bæinn í samstarf um verkefni um Þingeyri. Sótt hafði verið um slíkt fyrir Þingeyri. „Samkvæmt áætlun ætti að vera svigrúm til að taka inn ný byggðarlög á seinni hluta ársins eða byrjun árs 2018," segir Byggðastofnun. Meðal annars sé tekið tillit til lýðfræðilegra þátta, landfræðilegrar stöðu og stöðu í atvinnulífi. **– gar**

Segir ráðherra þöglan um óþægilegar staðreyndir

FJÖLMIÐLAR Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG, segir Kristján Þór Júlíusson hundsa óþægilega fyrirspurn um starfsmannahald Ríkisútvarpsins vegna þess að honum þyki hún óþægileg. Þetta sagði Kolbeinn á þingfundi í gær. Kolbeinn spyr ráðherrann um fjölda verktaka hjá RÚV og hversu stórt hlutfall þeir séu af starfsmönnum stofnunarinnar.

„Það hefur legið fyrir hjá menntamálaráðherra fyrirspurn frá mér síðan 23. mars. Þetta eru rúmir tveir mánuðir sem hæstvirtur ráðherra hefur tekið sér til að svara þessari fyrirspurn og ég hef engin viðbrögð fengið við því," segir hann.

Kolbeinn bendir á að samkvæmt þingskaparlögum hafi ráðherrann fimmtán daga til að svara fyrirspurninni. „Þetta eru reglur sem hann brýtur án þess að þurfa nokkuð að koma inn á það hér."

Kolbeinn telur að starfsmannastjóri hjá RÚV ætti að geta svarað fyrirspurninni á einum eða tveimur dögum. „Það er ekkert í minni fyrirspurn sem kallar á mikla yfirlegu eða rannsóknir eða að það eigi að grafast eitthvað djúpt fyrir um málið. Ég er að spyrjast fyrir um fyrirkomulag starfsmannahalds. Hvernig stendur á því að hæstvirtur ráðherra er búinn að trassa það núna í rúma tvo mánuði að svara þessari spurningu? Það getur einfaldlega ekkert legið að baki nema pólitík," segir Kolbeinn. **– jhh**

> **Þetta eru rúmir tveir mánuðir sem hæstvirtur ráðherra hefur tekið sér til að svara þessari fyrirspurn.**
>
> Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG

Staða Viðreisnar afar þröng

Gísli Marteinn Baldursson og Heiða Kristín Helgadóttir, sem oftast eru nefnd sem mögulegir oddvitar Viðreisnar fyrir næstu borgarstjórnarkosningar, hyggjast ekki leiða flokkinn. Laun borgarfulltrúa þykja ekki samkeppnishæf við laun fyrir önnur spennandi störf. Viðreisn leitar að málefnalegri sérstöðu í borginni.

STJÓRNMÁL Það er enginn augljós kostur í sjónmáli til að leiða lista Viðreisnar í borginni eins og staðan er núna. Forsvarsmenn flokksins eru löngu byrjaðir að skima eftir forystufólki en hingað til hefur reynst erfitt að fá öfluga fulltrúa til að íhuga framboð.

Ár er í næstu sveitarstjórnarkosningar en þær fara fram 26. maí 2018. Flokkarnir eru mislangt komnir í undirbúningi sínum en Viðreisn hóf formlegan undirbúning að nýju framboði á sveitarstjórnarstigi með fundi laugardaginn 18. febrúar síðastliðinn. Opnir fundir flokksins á þriðjudögum hafa farið í málefnavinnu sem tengist sveitarstjórnarmálum, á borð við Borgarlínu, þéttingu byggðar og húsnæðismál. Fulltrúar víðsvegar að hafa verið kallaðir Viðreisn til aðstoðar við myndun stefnu í borginni, þar með talin Ilmur Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Bjartrar framtíðar og formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, sem kom fram á fundi flokksins í gær og kynnti velferðarhlutann í rekstri Reykjavíkurborgar.

En Viðreisn er ákveðinn vandi á höndum. Tvö nöfn hefur borið hæst í umræðunni um mögulega fulltrúa til að leiða lista flokksins, það eru Gísli Marteinn Baldursson, dagskrárgerðarmaður og fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, og Heiða Kristín Helgadóttir, sem tók meðal annars þátt í að tryggja Besta flokknum stóran kosningasigur árið 2010. Heimildir Fréttablaðsins herma að enn sem komið er harðneiti þau bæði að leiða listann.

Þá hefur verið horft til aðstoðarmanna þeirra ráðherra sem Viðreisn á í ríkisstjórn, á borð við Gylfa Ólafsson, aðstoðarmann Benedikts Jóhannessonar fjármálaráðherra, og Guðmund Kristján Jónsson, aðstoðarmann Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Staðreyndin er sú að sterk atvinnulífstenging Viðreisnar gerir það að verkum að starf borgarfulltrúa er óspennandi og nokkuð illa launað í samanburði við mörg önnur störf sem bjóðast í því góðæri sem nú ríkir. Grunnlaun borgarfulltrúa eru um 633 þúsund krónur á mánuði, sem er til að mynda langtum lægra en aðstoðarmönnum ráðherra býðst. Heimildir Fréttablaðsins herma jafnframt að innan Viðreisnar séu raddir sem velti fyrir sér hvaða sérstöðu flokkurinn geti mögulega skapað sér í borginni. Framboðið sé í raun háð því hvaða gat skapist fyrir frjálslyndan umhverfisverndarflokk sem er hægra megin við Samfylkinguna. Ekki komi til greina að hverfa frá þeim skipulagshugmyndum sem fyrir liggja hjá meirihlutanum í borginni, á borð við Borgarlínu og þéttingu byggðar.

Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðreisnar, segir að mögulegt framboð í sveitarstjórnum komi til með að skýrast með haustinu. Verið sé að vinna hörðum höndum að því að skýra málefnalegan grunn flokksins. „Það er verið að skoða sameiningar sveitarfélaga, borgarlínu og fleiri málefni sem brenna á sveitarfélögunum núna."

Samkvæmt samþykktum flokksins er miðað við að stillt verði upp á listum flokksins í stað þess að ráðist verði í prófkjör. „Svo geta alveg verið frávik frá því. Vika er langur tími og hvað þá ár þannig að það getur ýmislegt gerst. En við vonumst til þess að ná góðum árangri í borginni."

snaeros@frettabladid.is

Kosið verður um völdin í Ráðhúsinu næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gísli Marteinn Baldursson

Heiða Kristín Helgadóttir



Mazda bílar eru hannaðir
af ástríðu, hvert einasta
smáatriði vel ígrundað og
úthugsað. Hönnuðir Mazda
leggja hjarta sitt og sál í
að hanna bíla sem uppfylla
ströngustu kröfur þínar
um þægindi, akstursupplifun,
gæði og öryggi.

ELSKAÐU AÐ KEYRA

Brimborg | Bíldshöfða 8 S. 515 7000
110 Reykjavík
| Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

mazda.is

Grunur um undirbúning hryðjuverks

SVÍÞJÓÐ Sænska öryggislögreglan fylgist nú með hópi einstaklinga sem grunaðir eru um að undirbúa hryðjuverk. Þetta kemur fram í leynilegum gögnum sem Dagens Nyheter hefur undir höndum. Viðbúnaðarstig hefur ekki verið hækkað í Svíþjóð vegna þessa, heldur er það enn á stigi þrjú af fimm.

Vegna beiðni öryggislögreglunnar greindi blaðið hvorki frá því hvar eftirlitið fer fram né hvaða aðferðum er beitt í umfjöllun sinni um málið. **– ibs**

Svipta níðinga vegabréfum

ÁSTRALÍA Ástralska ríkisstjórnin vill svipta dæmda barnaníðinga vegabréfum til að þeir fari ekki úr landi. Lögunum er einkum ætlað að vernda börn í Suðaustur-Asíu. Í fyrra fóru 800 skráðir barnaníðingar úr landi og þar af margir til landa í Asíu þar sem ferðamenn níðast á börnum. Virtu níðingarnir að vettugi skylduna til að láta vita af utanlandsferðum sínum.

Áætlað er að lögin nái til 20 þúsund barnaníðinga og að árlega bætist 2.500 á listann. Um 3.200 af þessum 20 þúsundum missa vegabréf sitt fyrir fullt og allt. Aðrir fá það afhent á ný uppfylli þeir kröfuna um tilkynningarskyldu í mörg ár. **– ibs**

Mótmæltu stafrænum leigubílaþjónustum

Íslenskir leigubílstjórar eru ekki einir um að vera sárir yfir skutlurum því að spænskir leigubílstjórar lögðu niður störf í tólf tíma í gær til að mótmæla einkafyrirtækjum á borð við Uber. Biðraðir á flugvöllum og við lestarstöðvar voru lengri en vanalega sökum þessa. Í sumum borgum kom til átaka milli leigubílstjóra og lögreglumanna og áttu þeir fyrrnefndu til að henda flugeldum og lausamunum að laganna vörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lögmannafélag fari fram með offorsi

Lögmannafélag Íslands sendi félagsmönnum tölvupóst eftir að það kærði Versus lögmenn og hvatti til þess að gripið yrði til úrbóta í eignarhaldi þar sem þess væri þörf. Þrír ólöglærðir eiga þó hlut í stofu formannsins. Eigendur Versus eru óánægðir með áminningar.

SAMFÉLAG Lögmaðurinn Guðmundur St. Ragnarsson fékk tvær áminningar í kjölfar kæru Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) sem varðar eignarhald Atla Helgasonar í lögmannsstofunni Versus. Annars vegar fyrir að stuðla að því að maður sem sviptur var lögmannsréttindum ræki lögmannsstofu og sinnti þar lögmannsstörfum og hins vegar fyrir að svara ekki fyrirspurnum um eignarhaldið. Guðni Jósep Einarsson og Þorgils Þorgilsson voru einnig áminntir fyrir að svara ekki fyrirspurnum um eignarhaldið. Þá var háttsemi Ólafs Kristinssonar, Guðna og Þorgils sögð aðfinnsluverð.

Lögmenn eru sviptir réttindum eftir þrjár áminningar.

Atli Helgason hóf störf hjá Versus lögmönnum árið 2011 og var um tíma eini eigandi stofunnar. Hann hafnar því að hafa unnið þar önnur störf en honum voru heimil. Vert er að rifja upp að Atli hugðist sækja lögmannsréttindi sín að nýju eftir að hafa fengið uppreist æru, eftir sakfellingu fyrir manndráp árið 2001, en hætti við eftir að Lögmannafélagið lagðist gegn því.

LMFÍ sendi félagsmönnum sínum tölvupóst í kjölfar kærunnar þar sem skorað var á þá að grípa til úrbóta væru kröfur um eignarhald, stjórnarsetu og framkvæmdastjórn í lögmannsstofum ekki uppfylltar.

Hins vegar eiga þrír ólöglærðir einstaklingar hlut í stofu formanns LMFÍ, Lögmönnum Lækjargötu, samkvæmt gildandi skráningu.

> **Spyrja má hvort slíkt samrýmist siðareglum lögmanna.**
>
> Úr greinargerð frá Versus lögmönnum þar sem bent er á að fordæmi séu fyrir að dæmdir menn starfi á lögmannsstofum

Þá fór Lex lögmannsstofa með málið fyrir hönd LMFÍ en Arnar Þór Stefánsson, sem situr í stjórn Lögmannafélagsins, á hlut í Lex.

Versus lögmenn bentu á í frávísunarkröfu sinni að Baldur Guðlaugsson, sem sakfelldur var fyrir brot í opinberu starfi og er án málflutningsréttinda, starfar hjá Lex lögmönnum sem ráðgjafi.

> **Deilt er um hvort og hvernig menn sem sviptir hafa verið lögmannsréttindum geti starfað og átt lögmannsstofur.**

„Umræddur maður [Baldur Guðlaugsson] hóf störf á lögmannsstofunni meðan hann var enn í afplánun á Vernd. Spyrja má hvort slíkt samrýmist siðareglum lögmanna, en lögmaður stofunnar var verjandi mannsins í málinu," segir í greinargerð Versus.

Versus lögmenn segja í yfirlýsingu til blaðsins að LMFÍ eigi væntanlega mikið starf fyrir höndum, í ljósi jafnræðisreglna, við að kæra fjölmarga félagsmenn sína fyrir sambærileg atriði og fundið sé að í úrskurðinum. Lögmennirnir segja það einnig vekja furðu að úrskurðarnefndin skuli hafa tekið það upp hjá sjálfri sér að gera aðfinnslur og ákvarða áminningar án þess að nokkrar kröfur væru hafðar uppi um það af hálfu málsaðila. „Rökstuðningur í úrskurði nefndarinnar er of máttlítill að mati undirritaðra, meðal annars varðandi hvert sé valdsvið nefndarinnar."

Lögmannsstofan Versus er ekki lengur starfandi. **sunnak@365.is**

Ábyrgð og öll þjónusta innifalin í 2 ár.
Fylgir viðurkenndum Mercedes-Benz.

Verð 2.690.000.-
B 180 CDI
Árgerð 2013, ekinn 54 þús. km,
dísil 1.796 cc 109 hö,
beinskiptur.

Verð 3.990.000.-
B 180 CDI
Árgerð 2015, ekinn 11 þús. km,
dísil, 1.461 cc, 109 hö,
sjálfskiptur.

Mercedes-Benz

Askja notaðir bílar
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluaðili Mercedes-Benz á Íslandi
Opnunartímar
Virka daga 10–18, laugardaga 12–16
Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/askjanotadirbilar

RENAULT
Passion for life

Renault **Clio**

ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI

KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistaranum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

Renault Clio ZEN
Dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,4 l/100 km*
Verð: 2.490.000 kr.

Renault Clio ZEN Sport Tourer
Dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,4 l/100 km*
Verð: 2.690.000 kr.

E F

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM82030

Útbúnaður bíla á mynd er frá[illegible]

GE bílar	Bílasalan Bílás	Bílasala Akureyrar	Bílaverkstæði Austurlands	IB ehf.	BL söluumboð
Reykjanesbæ	Akranesi	Akureyri	Egilsstöðum	Selfossi	Vestmannaeyjum
www.gebilar.is	www.bilas.is	www.bilak.is	www.bva.is	www.ib.is	481 1313
420 0400	431 2622	461 2533	470 5070	480 8080	862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

Samkeppnishæfni Íslands enn langt á eftir Norðurlöndunum

EFNAHAGSMÁL Ísland hækkar um þrjú sæti á lista yfir samkeppnishæfni þjóða og vermir 20. sæti á listanum. Niðurstaðan byggir á úttekt IMD-viðskiptaháskólans. Helstu ástæður hækkunar er aukin skilvirkni hjá hinu opinbera og í atvinnulífinu. Efnahagsleg frammistaða landsins mælist lakari en áður, þótt hagvöxtur sé sterkur og atvinnustig hátt. Það eru einkum þættir tengdir alþjóðaviðskiptum og fjárfestingu sem gera efnahagslega frammistöðu lakari, vegna styrkingar krónu. Vöruútflutningur fylgir ekki hagvexti auk þess sem innlend fyrirtæki hugsa sér til hreyfings.

Ísland stendur hinum Norðurlandaþjóðunum enn að baki þrátt fyrir að bilið minnki milli ára. Danmörk lækkar um eitt sæti milli ára og er í sjöunda sæti, Svíþjóð lækkar um fjögur sæti og er í níunda sæti og Noregur um tvö og er í ellefta sæti. Finnland hækkar hins vegar um fimm sæti milli ára og situr nú í fimmtánda sæti listans. Kristrún segir að þetta megi skýra með því að Norðurlandaþjóðirnar standi allar ofarlega þegar kemur að skilvirkni hins opinbera og samfélagslegum innviðum. „Það sem hefur haldið aftur af okkur núna í ár eru innviðirnir þó að í heildina litið stöndum við okkur kannski ekkert illa í því," segir Kristrún. Með samfélagslegum innviðum er átt við þætti eins og vegakerfi, heilbrigðiskerfið og fleira. Kristrún segir að hin Norðurlöndin séu öll í efstu fimm sætunum þar en Ísland er í sautjánda sæti. Þá mælist skilvirkni atvinnulífs, þar sem horft er meðal annars til framleiðni, almennt hærri á hinum Norðurlöndunum. **– jhh**

Ísland stendur ekki jafn framarlega og önnur norræn ríki þegar kemur að innviðum að mati höfunda nýrrar skýrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Tengsl sjávarfangs við minnkaða áhættu krabbameina

Krabbameinsfélagið býður upp á erindi um tengsl sjávarfangs í mataræði við krabbamein. Kynningin er fimmtudaginn 1. júní, frá kl. 12–12:40, í Háalofti í Hörpu.

Heilsusamlegir lífshættir draga úr líkum á krabbameini

Valgerður Sigurðardóttir, krabbameinslæknir og formaður stjórnar Krabbameinsfélags Íslands.

Rannsóknir hafa sýnt að draga megi úr líkum á krabbameini með hollri fæðu og daglegri hreyfingu. Fyrir Evrópubúa hefur verið áætlað að þeir sem tileinka sér heilsusamlega lífshætti geti minnkað líkur á krabbameini um allt að helming.

Tengsl sjávarfangs og krabbameina

Jóhanna E. Torfadóttir, löggiltur næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum við Miðstöð lýðheilsuvísinda Háskóla Íslands.

Jóhanna kynnir nýja skýrslu sem unnin var fyrir Krabbameinsfélagið. Þar er farið yfir helstu rannsóknir á tengslum fiskneyslu við krabbameinsáhættu og framgang sjúkdómsins, með áherslu á krabbamein í brjóstum og blöðruhálskirtli.

Fæðuvenjur á mismunandi æviskeiðum og áhætta á brjóstakrabbameini

Álfheiður Haraldsdóttir, lýðheilsufræðingur og doktorsnemi í lýðheilsuvísindum.

Álfheiður kynnir niðurstöður úr doktorsverkefni sínu, um áhrif íslensks mataræðis á áhættu á brjóstakrabbameini.

Fundarstjóri: Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS.

Fundurinn er öllum opinn og ókeypis. Skráðu þig gegnum krabb@krabb.is í síðasta lagi 31. maí.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Krabbameinsfélagið

Framkvæmdum vegna hótelsins Tinda á Seyðisfirði hefur verið slegið á frest. Oddviti Sjálfstæðismanna segir það bagalegt. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSENT

Hótelbyggingu á Seyðisfirði slegið á frest

Aðgerðir eða aðgerðaleysi stjórnvalda eru ástæður þess að bygging hótels á Seyðisfirði hefur verið slegið á frest. Átti að skapa 25 ársverk. Til samanburðar væri það um 5.000 manna vinnustaður í Reykjavík.

FERÐAÞJÓNUSTA Uppbyggingu hótels á Seyðisfirði hefur verið slegið á frest um óákveðinn tíma. Aðalheiður Borgþórsdóttir, eigandi fyrirtækis utan um hótelreksturinn, segir aðgerðir stjórnvalda gera ferðaþjónustu erfitt fyrir fjarri höfuðborginni.

Hótelið átti að skapa um 25 ársverk á Seyðisfirði. Til samanburðar myndi það þýða um 4.800 manna vinnustað í Reykjavík.

„Við ætluðum að fara af stað með uppbyggingu hótels á Seyðisfirði og höfum unnið í á þriðja ár að þessari framkvæmd. Allt hefur gengið samkvæmt áætlun í því ferli. Hins vegar er áætluð hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu og sterkt gengi krónunnar að gera okkur lífið leitt. Það er bara þannig," segir Aðalheiður.

Fjárfestingin sem um ræðir er mjög viðamikil á Seyðisfirði. Framkvæmdin sjálf, bygging hótelsins, sem átti að vera rúmlega 40 herbergi, átti að kosta allt að 900 milljónir króna.

„Ferðaþjónusta á Austurlandi er í mjög erfiðri stöðu núna vegna erfiðrar stöðu krónunnar og svo bætist ofan á fyrirhuguð hækkun virðisaukaskatts á greinina sem að mínu mati gæti skaðað greinina," segir Aðalheiður.

> **Hins vegar er áætluð hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu og sterkt gengi krónunnar að gera okkur lífið leitt. Það er bara þannig.**
>
> Aðalheiður Borgþórsdóttir, forsvarsmaður verkefnisins

Arnbjörg Sveinsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er sammála því að hækkun virðisaukaskatts á greinina sé ekki æskileg. „Hækkunin mun hafa slæm áhrif úti á landi fyrir þá sem eru fjærst Keflavík," segir Arnbjörg. „Það er fyrirséð að ferðamenn sem hingað koma munu stytta dvöl sína með hækkandi verðlagi. Þetta hótel hefði verið mjög góður kostur fyrir okkur og vonandi að þetta geti farið af stað seinna þegar óvissuástandi, eins og þau upplifa það, lýkur."

Á Seyðisfirði voru um áramótin 650 íbúar með lögheimili. Þar af voru tæplega 450 þeirra á vinnualdri.

sveinn@frettabladid.is

SUMARSTUÐ
Í VEFVERSLUN ELKO

FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	LAUGARDAGUR	SUNNUDAGUR	MÁNUDAGUR
1 JÚNÍ	2 JÚNÍ	3 JÚNÍ	4 JÚNÍ	5 JÚNÍ

20% AFSLÁTTUR AF KAFFIVÉLUM

15% AFSLÁTTUR AF ÞVOTTAVÉLUM

15% AFSLÁTTUR AF HEYRNARTÓLUM

20% AFSLÁTTUR AF RYKSUGUM

KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR	15%	HÁTALARASTÖÐVAR	10%
UPPÞVOTTAVÉLAR	15%	SKJÁIR	10%
ÞURRKARAR	15%	INNBYGGÐ ELDUNARTÆKI	15%
KÆLISKÁPAR	15%	HEIMABÍÓ	15%
FERÐATÖLVUR	10%	MÝS OG LYKLABORÐ	20%
ELDAVÉLAR	15%	HELLUBORÐ	15%
SNJALLÚR	10%	PRENTARAR	15%
FRYSTIKISTUR	15%	ÖRBYLGJUOFNAR	20%
FRYSTISKÁPAR	15%	RAFMAGNSRAKVÉLAR	20%
MYNDAVÉLAR	10%	MATVINNSLUTÆKI	20%
		MATVINNSLUVÉLAR	20%

ELKO
WWW.ELKO.IS

Veitingakona í Austurstræti segir alla orðna brjálaða í miðbænum

BORGARMÁL „Það er svo ótrúlega lítið komið til móts við fólk sem þarf að vinna í miðbænum. Hér er bara ófremdarástand. Það eru allir orðnir brjálaðir," segir Þrúður Sigurðardóttir, veitingamaður á Caruso í Austurstræti.

Í Fréttablaðinu í gær sagði frá því að sendibílstjórar eru þreyttir á skertum aðgangi til vöruafhendingar í miðbænum. Hafa þeir aðeins svigrúm milli klukkan sjö og ellefu á morgnana á Laugavegi og í Austurstræti.

Þrúður segir ekki alltaf hægt að sjá til þess að vörur berist innan tilsetts ramma. Stundum komist birgjarnir hreinlega ekki yfir að koma vörum til allra innan markanna.

„Ég lenti í því í síðustu viku að þeir voru of seinir að panta hjá mér kokkarnir og ég þurfti að fara á eigin bíl að sækja tíu þunga kassa," lýsir Þrúður sem kveðst hafa ekið út um allt í leit að stæði áður en hún ók gegn einstefnu í Pósthússtræti til að komast að Austurstræti. „Ég ætlaði að stelast inn en var rétt komin á hornið þegar löggan kom og sektaði mig – engin miskunn. Þeir sögðu að ég hefði átt að leggja og sækja trillu en ég var náttúrlega búin að leita að stæði um allt."

Sendibílarnir voru í röðum utan við Caruso og aðra staði í Austurstræti fyrir hádegi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Lausnin að sögn Þrúðar felst í því að setja sendibílstjórum ekki þessa ramma og leyfa þeim akstur um göngugötur. „Þeir fara bara varlega," segir hún.

Hjólafólki og gangandi finnst sendibílarnir stundum þrengja að sínum leiðum. „Umferðin er sameign okkar allra. Við þurfum bara að sýna þolinmæði og tillitssemi í hvívetna, hvort sem það eru sendibílstjórar eða aðrir," segir Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn. **– gar**

Gítar
námskeið
"Crash course"
í júní
Skráning er hafin
Einkatímar
2x í viku í 4 vikur
Skráning í síma
581 1281
UKULELE
www.gitarskoli.is
GÍS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

27 fórust og yfir 100 særðust í tveimur hryðjuverkaárásum

Liðsmenn ISIS sprengdu tvær bílasprengjur í höfuðborg Íraks í gær. Báðum árásunum var beint gegn sjíamúslimum. Skelfing greip um sig meðal íbúa enda þeim í fersku minni árás í fyrra þar sem yfir 300 fórust.

ÍRAK Minnst 27 fórust og yfir hundrað særðust í tveimur sprengingum í Bagdad, höfuðborg Íraks, í gær. Íslamska ríkið (ISIS) hefur lýst því yfir að samtökin beri ábyrgð á annarri árásinni en sú seinni er einnig brennd marki þeirra.

Fyrri sprengjunni hafði verið komið fyrir í bíl sem lagt var við vinsæla verslunargötu í hverfi sjíamúslima. Flestir hinna látnu voru viðskiptavinir ísbúðar sem höfðu í hyggju að gera vel við sig og kæla sig niður. Ramadan, föstumánuður múslima, er nýgenginn í garð og gera hinir fastandi oft vel við sig eftir að sólin er sest. Minnst sextán létust, þar af nokkur börn, og tæplega 80 særðust.

„Fjölskyldur höfðu farið út til að gera vel við sig að föstu lokinni. Sprengjan sprakk skömmu eftir miðnætti, á heitum degi, við vinsæla götu. Þetta miðaði allt að því marki að skaða sem flesta," segir Hayder al-Khoei, sérfræðingur í málefnum Miðausturlanda, við Al-Jazeera.

Sú síðari var einnig bílsprengja en hún sprakk skammt frá brú yfir Tígris í Al-Shahada hverfinu. Ellefu létust og yfir fjörutíu særðust. Hinir látnu voru flestir í biðröð eftir afgreiðslu hjá tryggingastofnun í borginni.

Mikil skelfing braust út í hverfinu eftir árásina enda Karrada-árásin í júlí á síðasta ári, þar sem rúmlega 300 manns fórust og 240 særðust, fólki í fersku minni. Sú árás átti sér stað á fjölfarinni verslunargötu sem var full af fólki að versla á ramadan. Óttuðust margir frekari árásir núna.

Hermenn, viðbragðsaðilar og vegfarendur standa yfir braki bílsins sem brúkaður var við ísbúðina. NORDICPHOTOS/AFP

» Ramadan, föstumánuður múslima, er nýgenginn í garð og gera hinir fastandi oft vel við sig eftir að sólin sest.

Meirihluti Íraka, tæplega tveir af hverjum þremur, eru sjía-múslimar. Þrjátíu prósent eru súnní-múslimar. Liðsmenn ISIS aðhyllast, að minnsta kosti að nafninu til, súnní-íslam og álíta sjía-múslima vera villutrúarmenn og heiðingja. Flestar árásir þeirra beinast því að sjía-múslimum.

Árásirnar nú telja menn að séu hefndaraðgerð eftir að íraski herinn hóf að hrekja ISIS á brott úr Mósúl. Samtökin náðu borginni á sitt vald um mitt ár 2014. Bardagar hafa geisað í borginni nú í átta mánuði en yfirmenn í íraska hernum hafa lýst því yfir að með því verði ISIS á bak og burt úr landinu. Vígamenn samtakanna hafa hins vegar svarað með því að setja aukið púður í hryðjuverk sín í landinu. **johannoli@frettabladid.is**

Nilfisk
NILFISK HÁÞRÝSTIDÆLUR
VINNA VERKIÐ Á METHRAÐA
Nilfisk háþrýstidælur eru til í ýmsum stærðum og styrkleikum jafnt fyrir heimili sem til iðnaðar- og fyrirtækjanota. Með öflugri háþrýstidælu vinnur þú verk á svipstundu sem annars tæki mun lengri tíma.
PIPAR\TBWA • SÍA • 171703
olís
REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís
Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.

Við tjöldum því besta

Yfir 30 gerðir af tjöldum

HILLEBERG THE TENTMAKER

Vango

Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 16.995,-
3 manna verð kr. 18.995,-

Vango F10 Xenon UL
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 54.995,-
2 manna+ verð kr. 64.995,-

Vango Banshee
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 29.995,-

Vango Helix
5000mm vatnsheldni
1 manns verð kr. 22.995,-
2 manna verð kr. 25.995,-

Vango Tempest
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 30.995,-
3 manna verð kr. 35.995,-

Vango Pulsar
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 37.995,-
3 manna verð kr. 43.995,-

Vango Drummond
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 54.995,-

Vango Ravello Airbeam
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 115.995,-

Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 29.995,-
4 manna verð kr. 36.995,-

Vango Iris
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 65.995,-
6 manna verð kr. 75.995,-

Vango Stanford
4000mm vatnsheldni
8 manna verð kr. 89.995,-

Vango Woburn
4000mm vatnsheldni
4 manna tilboðsverð kr. 46.995,-
5 manna tilboðsverð kr. 52.995,-

Valin tjöld uppsett í verslun • Frábært úrval af tjaldhúsgögnum

MAMMUT · PRIMUS · OR OUTDOOR RESEARCH · HILLEBERG THE TENTMAKER · Vango · TERNUA · GREGORY

EVEREST

Skeifunni 6 · www.everest.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Matthildur

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Ríkisútvarpið er mikilvæg stofnun, óháð rekstrarforminu. Styrkur RÚV sem fjölmiðils er meðal annars fólginn í því að vera í eigu þjóðarinnar og fyrir hana alla. RÚV hefur líka á sínum snærum fjöldann allan af hæfu fólki sem flytur fréttir, rýnir í samfélagið, fjallar um bókmenntir og listir og margt fleira. Sjálfstæði starfsfólksins og fullvissa okkar eigendanna fyrir því að þangað sé fólk ráðið á grunni fagmennsku og jafnréttis skiptir öllu máli. Án þess er hætt við að stofnunin grafi undan eigin trúverðugleika og það á hvorki starfsfólkið né þjóðin skilið.

Í gær skipaði Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóra sem formann Jafnréttisráðs. Þar með fékk æðsti stjórnandi RÚV það hlutverk að leiða ráð sem á að vera ráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna. Er þetta grín? Er Útvarp Matthildur aftur komið á dagskrá?

Það má í það minnsta varpa fram útvarpsfrasanum góðkunna og segja: Kannast hlustendur við að fjölmiðlar þurfi ítrekað að fjalla um málefni er varða jafnrétti á vinnumarkaði? Málefni er snúa að ráðuneyti jafnréttismála, Jafnréttisráði og Jafnréttisstofu? Svarið er að þetta er ekki boðlegt starfsfólki RÚV, hvað þá heldur jafnréttisumræðunni í landinu. RÚV er langstærsti fjölmiðillinn í landinu og við sem búum í þessu landi verðum að geta verið fullviss um að öll umfjöllun um málaflokkinn sé ekki lituð af hagsmunum og öðrum störfum æðsta stjórnanda stofnunarinnar. Að innan RÚV sé jafnrétti haft að leiðarljósi í ráðningum jafnt sem daglegum störfum.

Af því tilefni má rýna í verkefni er snúa að útvarpsstjóra og velta því fyrir sér hvort jafnréttismálin séu eins og best verður á kosið. Nýverið réð Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri RÚV, Ólaf Egilsson í stöðu handritsráðgjafa. Ráðningin kom í kjölfar þess að Magnús Geir tilkynnti um það í Kastljósi að RÚV og RVK Studios, framleiðslufyrirtæki Baltasars Kormáks, hefðu gert með sér samkomulag um þróun og undirbúning sjónvarpsþátta og kvikmyndar sem byggja á Sjálfstæðu fólki. Ólafur hefur verið farsæll meðhöfundur handrita á borð við Ófærð og fleiri verkefna sem Baltasar hefur unnið að á síðustu árum. En látum það liggja á milli hluta, því auðvitað er útilokað að maðurinn ætli að vera sjálfum sér til ráðgjafar.

Það sem veldur meiri áhyggjum í þessu samhengi er fjarvera kvenna í þessu samhengi eða með öðrum orðum jafnréttismálin. Eflaust eru allir þessir karlmenn góðir í því sem þeir gera en það voru 79 sem sóttu um starfið sem Ólafi hlotnaðist. Var í alvörunni engin kona sem gæti talist jafnhæf í það minnsta? Það er bagalegt vegna þess að RÚV verður að gæta þess að raddir kvenna jafnt sem karla fái að koma að því að móta verkefni af þessari stærðargráðu. Hér er því komin upp staða sem gæti verið forvitnilegt fyrir Jafnréttisráð að taka til skoðunar. Ætlar þá formaður Jafnréttisráðs að vera útvarpsstjóra til ráðgjafar?

Það er bagalegt vegna þess að RÚV verður að gæta þess að raddir kvenna jafnt sem karla fái að koma að því að móta verkefni af þessari stærðargráðu.

Halldór

Frá degi til dags

Baráttan hafin

Kosningabarátta Sjálfstæðisflokksins er hafin í borginni. Borgarfulltrúar flokksins hafa stillt upp skýrum valkosti á móti skipulagsáformum meirihlutans og vilja horfa frá þéttingu byggðar og styrkja gatnakerfi borgarinnar til hagsbóta fyrir einkabílinn. Innan úr herbúðum Sjálfstæðismanna heyrist að keyra eigi á úthverfapólitík alla kosningabaráttuna og treysta þar með atkvæði þeirra sem upplifa að Ráðhúsið hagi seglum eftir vindi í 101. Klókt útspil að höfða til þess hóps en kannski í síðasta sinn sem raunverulega er hægt að treysta á þau atkvæði því stuðningsmönnum einkabílsins og risavaxinna umferðarmannvirkja fer óðum fækkandi.

Jafnréttis RÚV

Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri hefur verið skipaður formaður Jafnréttisráðs af Þorsteini Víglundssyni félagsmálaráðherra. RÚV er enda nýbúið að hljóta gullmerki jafnlaunaúttektar PwC og er með 3,1% kynbundinn launamun. Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG, vakti athygli á því í gær að hann hefði ekki fengið svör frá ráðherra um hve hátt hlutfall verktaka væru í vinnu hjá RÚV. Lana Kolbrún Eddudóttir, fyrrverandi dagskrárgerðarmaður á RÚV, svaraði því þá til að þau svör fengi hann aldrei: „Leynilegir verktakar eru vopn Efstaleitis í baráttunni gegn jafnrétti og jafnræði.“ Úbbs.

snaeros@frettabladid.is

288.000 á mánuði í heildartekjur árið 2022

Ellen Calmon
formaður ÖBÍ

Samkvæmt fjármálaáætlun ríkisins til ársins 2022 er engan veginn sett nægilegt fjármagn í heilbrigðiskerfið. Fjármunir eru settir í byggingu nýs spítala sem er gott og gilt en ekki nægilegir fjármunir til að bæta í raun þjónustu innan kerfisins. Samkvæmt rannsóknum Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors við Háskóla Íslands, erum við að færast óðfluga fjær félagslegu heilbrigðiskerfi sem hefur verið litið á sem hornstein íslensks heilbrigðiskerfis hingað til.

Fjármálaáætlunin boðar ekki heldur betra líf fyrir örorkulífeyrisþega. Það er nú yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar að halda öryrkjum í fátækt með því að miða við að hækkun lífeyris verði á bilinu 3,1%-4,8% á árunum 2018-2022.

Alls ekki boðlegt

Ef við erum bjartsýn og búumst við 4,8% hækkun öll árin, þá mun mögulega óskertur örorkulífeyrir vera um 288.000 krónur árið 2022, sem er alls ekki boðlegt. Það er hætta á að örorkulífeyrisþegar sjái svartnættið eitt.

Hvað þætti þér um ef ríkisstjórnin byði þér að vera með um 288 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt eftir fimm ár? Sæir þú fram á bjartari lífdaga?

Grundvallarhlutverk ríkisvaldsins í velferðarríki er að tryggja mannréttindi og þar á meðal að koma til móts við einstaklinga sem þurfa á aðstoð að halda. Ekki virðist vera raunverulegur ætlun ríkisstjórnarinnar að styrkja mikilvægar grunnstoðir samfélagsins með nýrri fjármálaáætlun.

Taka þarf út skerðingar

Ef það er raunverulegur vilji ríkisstjórnarinnar að hvetja örorkulífeyrisþega til aukinnar samfélagsþátttöku þá þarf að setja mun meira fjármagn í almannatryggingakerfið eða á bilinu 10-12 milljarða króna. Það þarf að taka út skerðingar vegna atvinnu- og lífeyrissjóðstekna og hækka örorkulífeyri verulega svo fólk geti fyrst á möguleika á því að lifa mannsæmandi lífi.

Gerum breytingar núna!

Hvað þætti þér um ef ríkisstjórnin byði þér að vera með um 288 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt eftir fimm ár?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Stjórn yfir Landspítala?

Sigríður Kristinsdóttir
sjúkraliði

Nichole Leigh Mosty, þingmaður Bjartrar framtíðar og formaður velferðarnefndar Alþingis, setti í umræðum um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar, 24. maí síðastliðinn, fram þá hugmynd sína, að setja ætti pólitíska stjórn yfir Landspítalann og bætti við ákaflega dónalegum ummælum um forstjóra spítalans. Hún sagði: „Ég ætla að vera alveg hreinskilin, það er ég sem hef verið að hlaupa hérna um þinghúsið að leggja fram hugmyndir um stjórn yfir spítalann. Ekki á pólitískum forsendum heldur faglegum, að við setjum fagaðila í reksturinn svo að forstjóri spítalans þurfi ekki að vera í baráttu, í pólitískri baráttu á fundum eftir pening, að hann þurfi ekki að koma hérna niður í þinghús fimm mínútum í afgreiðslu fjárlaga til þess að betla um pening.“

Hér er margt að athuga. Til dæmis má benda á að Alþingishúsið hentar ekki mjög vel til að hlaupa um, frekar að hægt sé að hlaupa um í Costco sem þingkonan þekkar vafalaust vel frá heimalandi sínu.

Minna má á að yfir Landspítalanum var sérstök stjórn fyrr á árum, það var sjö manna stjórn. Fjórir kosnir af Alþingi, tvo völdu starfsmenn spítalans og ráðherra skipaði svo formann. Þegar Borgarspítalinn og Landspítalinn voru sameinaðir um aldamótin var umrædd stjórn lögð af. Hefur Nichole kynnt sér hvernig þessi stjórn vann og hvernig hún lét til sín taka? Sá þessi stjórn um að sækja fjárveitingar til Alþingis? Enn eru í fullu fjöri nokkrir þeirra sem sátu síðast í umræddri stjórn og hæg heimatökin að hafa samband við þá aðila til að afla sér þekkingar um málið.

Nichole er vinsamlega beðin að kynna sér mannkosti fólks áður en hún fer að núa því um nasir að það komi á fund Alþingis að betla og sníkja fyrir starfsemi sína.

Uggvænlegt

Það er uggvænlegt ef þingmaðurinn hefur í huga það fyrirkomulag á slíkri stjórn að velja í hana „fagaðila“ sem eru kunnir rekstri fyrirtækja, eins og tíðkast mjög í Bandaríkjunum, þ.e. fá í stjórnina forstjóra sem eru aldir upp í fyrirtækjum þar sem markmiðið er að hámarka gróðann. Gamlir og ungir forstjórar hafa yfirleitt enga þekkingu á rekstri sjúkrahúsa og vita mjög lítið um þá starfsemi sem þar fer fram. Þannig að ekki er líklegt að slíkir „fagaðilar“ leggi margt gott til málanna. Raunar er á hreinu hvernig slík stjórn yrði skipuð, hún kæmi að meiri hluta frá ríkisstjórn á hverjum tíma, yrði pólitískt skipuð þótt vera kynni að hún væri „fagleg“ á yfirborðinu.

Tilgangurinn með tillögunni er augljós. Núverandi ríkisstjórn stefnir að því að þrengja að Landspítalanum en styrkja einkavædda heilbrigðisþjónustu. Liður í því er að hemja forstjóra spítalans svo hann sé ekki sífellt niðri á Alþingi til að betla peninga, eins og þingkonan orðar svo smekklega. Eða getur hún ekki dulið fyrirlitningu sína á umræddum manni?

Það er einkennileg aðferð að viðra ekki slíkar hugmyndir fyrst við forstjóra spítalans og forráðamenn hans, að minnsta kosti að kynna sér hvað þeim finnist. Margir geta haft skoðanir á rekstri spítalans, bæði vel og illa ígrundaðar, en samt sem áður þá er kunnáttan og þekkingin í höndum þeirra sem halda þar um stjórnvölinn.

Ættum ekki að ameríkanísera heilbrigðisþjónustuna

Við ættum ekki að ameríkanísera heilbrigðisþjónustuna og ég mun berjast gegn því eins lengi og ég hef krafta til og reyna að fá fólk með mér, enda er ástandið í heilbrigðismálum í Bandaríkjunum ekki gæfulegt, að minnsta kosti ekki fyrir þá sem eiga lítið af peningum, og varla batnar það í tíð núverandi forseta þar.

Ég byrjaði að vinna á Landspítalanum 1968 og hef unnið þar mestalla starfsævina og fylgst með peningaleysi þar á bæ. Það er ekki sómasamlegt þegar kemur fyrir að fötur standi á göngunum til að mæta húsleka. Ég þekki spítalann vel, bæði sem starfsmaður og notandi, vann þar rúm 40 ár og þykir mjög vænt um vinnustaðinn. Hef fengið þar mjög góða þjónustu og starfsfólkið sýnt mér hlýju og umhyggju.

Það þarf bæði að huga að ytra útliti og innri starfsemi og þar þarf Alþingi heldur betur að taka sig á, bæði með að bæta tækjakost og viðhald, en það hafa stjórnvöld vanrækt mjög undanfarin ár.

Nichole er vinsamlega beðin að kynna sér mannkosti fólks áður en hún fer að núa því um nasir að það komi á fund Alþingis að betla og sníkja fyrir starfsemi sína. Vil að endingu minna á að þjóðin á Landspítalann en ekki formaður velferðarnefndar Alþingis, sem hleypur fram og til baka, að eigin sögn, en talar ekki við þá sem best þekkja til. Væri ekki betra að hlaupa minna en hlusta á forstjóra spítalans þegar hann rekur fyrir velferðarnefnd hverjar þarfir spítalans eru.

Aðför og mannréttindabrot á Íslandi

Halldór Gunnarsson
fv. sóknarprestur og stjórnarmaður í Flokki fólksins

Aðför gagnvart fólki, sem missti heimili sín í hruninu, gagnvart ungu fólki sem ekki tekst að lifa mannsæmandi lífi hér og hrekst úr landi, gagnvart börnum sem líða mismunun og fátækt, gagnvart foreldri sem fær ekki að umgangast barn/börn sín og einnig gagnvart fullsköpuðu ófæddu barni sem fær ekki að fæðast, tel ég vera mannréttindabrot.

Einnig mannréttindabrot með aðför, sem kerfisbundið er beitt gagnvart öryrkjum og þeim hluta eldri borgara sem búa við sára fátækt og er ekki gefinn kostur á að afla sér aukatekna, því alls staðar eru skerðingarákvæði í lögum eða reglugerðum sem koma í veg fyrir það.

Það er valdníðsla með aðförinni gagnvart öryrkjum, þar sem lögfestar hafa verið heimildir til TR, sem heimila stofnuninni njósnir um öryrkjann og maka hans, sem brjóta á persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Eru það ekki mannréttindabrot að fara með öryrkja sem afbrotamenn, sem þarf að fylgjast nákvæmlega með, jafnvel að skoða bankafærslur þeirra frá degi til dags?

Ákvæði í stjórnarskrám

Í 76. gr. stjórnarskrárinnar, sem er óbreytt frá 1944, segir: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“ Í 52. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 kveður enn sterkar að orði, en þar segir: „Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði...“ Þannig á stjórnarskráin að tryggja þeim sem verst standa grundvallarrétt til lífs, sem fyrsta stjórnarskrá landsins kvað skýrar á um.

Hvernig hefur þessu verið framfylgt?

Tíundin, sem Gissur Ísleifsson biskup innleiddi 1096 var afnumin í upphafi 20. aldar. Hún tryggði fátækum framfærslu til viðbótar þeirri grunnfátæktarframfærslu, sem var hjá hreppunum. Við samþykkt stjórnarskrárinnar 1874 tóku við ýmis ákvæði um styrki úr „almennum sjóðum“ og skattheimtu með um 90 skattþrepum, sem ívilnaði þeim tekjulágu.

Í dag er þetta með þveröfugum hætti, aðstoðin skert og sára fátækt skattlögð. Þeim sem leggjast inn á hjúkrunarheimili er skömmtuð skammarleg lágmarksfjárhæð til eigin nota og allir aðrir fjármunir þeirra hirtir af þeim, eins og mögulegt er. Eins er farið með Framkvæmdasjóð aldraða. Fjármunir hirtir af ríki til reksturs og viðhalds í stað byggingar hjúkrunarheimila, sem lögin ákváðu upphaflega og sárlega vantar. Skattar ívilna þeim ríku í dag með aðeins tveimur skattþrepum. Til viðbótar eru ósýnileg skattþrep til frekari ívilnunar fyrir þá, sem lifa á eignum sínum og greiða aðeins 20% fjármagnstekjuskatt og til viðbótar ótal leiðir fyrir þá sem varðveita eignir sínar í einkahlutafélögum. Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launavísitölu frá 1988, sem skerðir hlut hinna fátæku, sem greiða skatt af tekjum umfram 143.224 kr. á mánuði. Hefði hann gert það, ætti persónuafsláttur að vera um 103.000 kr. á mánuði eða að mánaðartekjur að 280.000 kr. væru ekki skattlagðar.

Aðför að hinum fátæku

Aðförin að öryrkjum og um 10 þúsund eldri borgurum felst í því m.a. að skammta þeim 190 til 230 þúsund kr. á mánuði eftir að hafa greitt skatt, sem er framfærsla langt undir því neysluviðmiði velferðarráðuneytisins sem talin er nauðsynleg til að geta framfleytt sér. Lögþvinguð greiðsla í lífeyrissjóð, þar sem okkur var talin trú um að við værum að spara til efri áranna, er hirt af ríkinu með krónu á móti krónu skerðingum almannatrygginga, um 30 milljarða á ári, af þeim um 10 þúsund eldri borgurum, sem fá ekkert út úr greiðslum sínum í lífeyrissjóð alla sína starfsævi. Þannig eru það að stórum hluta lífeyrissjóðirnir sem halda almannatryggingakerfinu uppi en ekki ríkissjóður. Þessir einstaklingar eru vísvitandi hnepptir í fátæktargildru og þeim gert ómögulegt að afla sér tekna með vinnu, nema að vera skattpíndir um 73% af tekjum umfram 25 þúsund kr. á mánuði.

Með takmarkalausu óheftu eftirliti TR yfir öryrkjum og eftirliti með skattframtölum eldri borgara kemur svo 1. júlí ár hvert með bakgreiðslum. Ef viðkomandi fékk peningagjöf, bílastyrk eða styrk til lyfjakaupa eða styrk frá sveitarfélaginu eða skrifaði bók eða seldi sumarbústaðinn sinn, svo eitthvað sé nefnt, þá eru greiðslur frá TR lækkaðar samsvarandi, þar til talið er að ofgreiðslan hafi verið endurgreidd að fullu!

Aðförin felst einnig í því að öll sjúkra- og þjónustugjöld hafa hækkað, lyf bera hæsta virðisaukaskatt þveröfugt við nágrannalöndin, samhliða lækkun á öllum greiðslum ríkisins til hjálpartækja, styrkja eða bóta miðað við launavísitölu, sbr. t.d. að niðurgreiðsla á tannviðgerðum þessa fólks hefur verið óbreytt frá árinu 2004, þrátt fyrir að gildandi reglugerð segi annað, því fjármunir eru ekki veittir til að uppfylla ákvæðið um 70% niðurgreiðslu, sem er í reynd í dag um 15%.

Með takmarkalausu óheftu eftirliti TR yfir öryrkjum og eftirliti með skattframtölum eldri borgara kemur svo 1. júlí ár hvert með bakgreiðslum. Ef viðkomandi fékk peningagjöf, bílastyrk eða styrk til lyfjakaupa eða styrk frá sveitarfélaginu eða skrifaði bók eða seldi sumarbústaðinn sinn, svo eitthvað sé nefnt, þá eru greiðslur frá TR lækkaðar samsvarandi, þar til talið er að ofgreiðslan hafi verið endurgreidd að fullu!

Það hlýtur að vera þeim öllum til skammar, sem hafa unnið að svona margbrotnu skerðingarkerfi á kostnað þeirra sem minnst hafa og vera aðför með mannréttindabroti gegn þeim og sannarlega andstætt 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þessu vill Flokkur fólksins breyta. Styðjum hann til þess.

MÓTUM OKKUR MENNTASTEFNU

Hvað skiptir mestu máli í menntun barnanna okkar?

Hvert eigum við að stefna í skóla- og frístundastarfinu í Reykjavík fram til ársins 2030? Settu fram þínar hugmyndir og greiddu öðrum hugmyndum atkvæði eftir því hvað þér finnst að skipti mestu máli í menntun barnanna okkar. Mótum saman nýja menntastefnu á Betri Reykjavík.

www.betrireykjavik.is

Reykjavíkurborg

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 17-1345

Sumarið er komið

Bananasúkkulaði með lakkrís og bananafyllingu,
er það ekki svolítið bananað?

NÓI SÍRÍUS

Bekkir án aðgreiningar í stað skóla án aðgreiningar

Gunnlaugur H. Jónsson
eðlisfræðingur

Undirritaður skrifaði nýlega grein í Fréttablaðið sem bar nafnið: Hvað skýrir lélegan árangur íslenskra grunnskólanema? Í greininni kom fram að á Íslandi er fjöldi nema 9,5 á hvern kennara samanborið við 13 nema á hvern kennara í OECD-löndum. Þá var þessum spurningum varpað fram: Hvað getur skýrt að enskir nemar ná betri árangri en íslenskir í öllum þáttum PISA-könnunar, lesskilningi, stærðfræði og raungreinum, þó að tilkostnaðurinn sé helmingi lægri? Eru enskir nemar greindari en íslenskir nemendur, eru enskir kennarar betri og duglegri en íslenskir kennarar eða eru áherslur og skipulag íslenska skólakerfisins rangar?

Ég ályktaði að vandinn liggi m.a. í áherslum og skipulagi íslenska skólakerfisins, áherslum í kennaranámi og áherslum og skipulagi skólanna. Áherslan hefur verið á „skóla án aðgreiningar“ þar sem nemendur með mjög mismunandi þarfir, getu og áhugasvið hafa verið settir saman í einn bekk í sama skóla. Leyfði mér að leggja til aðra áherslu, „skóli við hæfi hvers nema“, þar sem leitast er við að koma hverjum nema fyrir í bekk sem hæfir hans þörfum, getu og áhugasviði.

Skóli aðgreiningar

Framkvæmd stefnu um „skóla án aðgreiningar“ hefur þróast upp í andhverfu sína; skóla aðgreiningar. Fjárveitingarlíkön grunnskólanna verðlauna skólastjórnendur með viðbótarfjárveitingum fyrir að greina sem flesta nema með sérþarfir, sem hefur leitt til þess að sjötti hver nemandi í grunnskólum á Íslandi er greindur með sérþarfir. Þetta er mun hærra hlutfall en í öðrum Evrópulöndum. Þá eru þessir nemar aðgreindir frá öðrum nemum í bekknum með því að þeim fylgja stuðningsfulltrúar og sérkennarar inn í bekkina eða þeir eru teknir út úr tímum til sérkennslu. Skýrari getur aðgreiningin ekki orðið.

Bekkir án aðgreiningar

Þeir sem hafa horft á sjónvarpsþætti frá BBC um lífið á jörðinni vita að það er í eðli afkvæma allra spendýra að hreyfa sig mikið og leika sér. Það er ekki sjúkdómur að hafa mikla hreyfiþörf. Það er ekki til marks um heimsku að geta ekki setið kyrr í skólastofu í marga tíma á dag. Í stað þess að sjúkdómsgera (of)virkni og aðgreina virk börn frá öðrum þarf að mynda bekki sem hæfa þessum börnum. Bekki þar sem hlutur hreyfingar og verklegrar kennslu er meiri en í öðrum bekkjum. Hreyfinguna má skipuleggja í samvinnu við íþróttafélög, félagsmiðstöðvar og sundlaugar. Nýta má handavinnu og tónlist (ásláttarhljóðfæri) til þess að brjóta upp námið. Þá þarf að samþætta kennslu í lestri og stærðfræði áhugasviðum nemendanna. Mikilvægt er að sá sem leiðir slíka bekki tryggi að það sé ekki síður skemmtilegt að vera í bekk með virku börnunum en þeim rólegri.

Laugardaginn 1. apríl birtist í Fréttatímanum afar áhugavert viðtal við Hlín Magnúsdóttur, sérkennara í Norðlingaskóla, um það hvernig hún leiðir skemmtilegt starf í bekk fyrir nemendur sem greindir hafa verið með ADHD. Það ætti að skipuleggja við hvern grunnskóla sérbekki með sérþarfir nemenda í huga eða nýta heppilegan bekk í nærliggjandi skóla í hverfinu. Skólarnir þurfa að hluta að vera sérhæfðir.

Í stað þess að sjúkdómsgera (of)virkni og aðgreina virk börn frá öðrum þarf að mynda bekki sem hæfa þessum börnum. Bekki þar sem hlutur hreyfingar og verklegrar kennslu er meiri en í öðrum bekkjum.

Í stað þess að aðgreina einstaka nemendur með sérþarfir frá öðrum nemendum í sama bekk þarf að mynda bekki þar sem allir nemendur bekkjarins geta lært sér til gagns samtímis án aðgreiningar. Þannig myndast samheldni í bekknum og nemendum líður vel.

Mikill meirihluti nema getur lært sér til gagns í bekk sem hæfir „meðalbarninu“. Minnihluti barna getur ekki lagað sig að kennsluaðferðum og bekk sem hæfir „meðalbarninu“. Veita verður þessum börnum tækifæri til þess að vera í bekk við hæfi, hvort sem sá bekkur er skipulagður í heimaskóla, öðrum skóla í viðkomandi hverfi eða öðrum bæjarhluta samanber Klettaskóla, sem er sérskóli en þó með sérbekk við Árbæjarskóla.

Var Páll postuli kristinn?

Rúnar M. Þorsteinsson
prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ

Fræðimenn hafa frá örófi alda verið sammála um það að Páll postuli hafi verið einn af grundvallarsmiðum kristinnar guðfræði. Miklar breytingar hafa á hinn bóginn átt sér stað síðustu ár og áratugi í sýn fræðimanna á tengsl Páls við gyðingdóm annars vegar og kristindóm hins vegar.

Nasismi 20. aldarinnar og heimsstyrjöldin síðari endurspegluðu það hatur sem gyðingar hafa þurft að líða í gegnum söguna. Í kjölfar heimsstyrjaldarinnar, er fólk tók að berjast fyrir réttmætari sýn á gyðinga og gyðingdóm, hófust rannsóknir á því að hvaða leyti og að hve miklu leyti Páll postuli hafi verið gyðingur. Útbreidd skoðun var sú að Páll hefði snúið baki við gyðingdómnum þegar hann varð kristinn og að hann hefði hafnað hinu gyðinglega lögmáli með öllu. Enda var gyðingdómur trúarbrögð verkaréttlætingar, samkvæmt þessari skoðun, þar sem fólk lagði mest upp úr því að framkvæma ákveðin verk samkvæmt tilteknu reglukerfi eða jafnvel sýnast framkvæma ákveðin verk til þess að öðlast réttlætingu Guðs. Páll gerðist alltso „kristinn“ og stór hluti af starfi hans fólst í að gagnrýna gyðinga og færa rök fyrir því að gyðingdómurinn væri einungis gamall, úreltur sáttmáli.

Kristindómurinn innihélt nýjan sáttmála við Guð sem ógilti þann gamla og hinn nýi átrúnaður varð arftaki gyðingdómsins. Rannsóknir á síðari hluta 20. aldar sýndu hins vegar fram á að þessi sýn á gyðingdóm fyrstu aldar var á misskilningi byggð. Gyðingdómur var ekki átrúnaður verkaréttlætingar, hugtak sem fremur átti við um baráttu Lúthers við kaþólsku kirkjuna á 16. öld, sem alltof oft var lesin inn í aðstæður Páls á fyrstu öld. Pálsfræðingar tóku að átta sig á því að Páll hafnaði ekki sínum gyðinglega arfi þegar hann tók trú á Jesú sem messías. Hann hélt áfram að vera gyðingur sem fjallaði um gyðingleg málefni. Páll „snerist“ ekki til kristinnar trúar.

Málið snerist ekki um „viðsnúning“ (e. conversion) frá einum átrúnaði til annars, frá gyðingdómi til kristindóms, heldur snerist málið um köllun til ákveðins hlutverks, nefnilega köllun til að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist til annarra en gyðinga, þ.e.a.s. til heiðingja.

Vandamálið sem Páll glímdi við fjallaði þannig ekki um gyðingana og stöðu þeirra, heldur fjallaði það um heiðingjana og stöðu þeirra gagnvart sáttmála Guðs við gyðinga. Sáttmáli Guðs við Ísrael, við gyðinga, var einmitt þungamiðja gyðinglegrar guðfræði: Guð hefur valið sína þjóð og Ísrael hefur gengist við þessu vali. Málið hjá gyðingum fyrstu aldar var þess vegna ekki að reyna að „komast inn“, þ.e.a.s. að eignast hlutdeild í sáttmálanum – gyðingar áttu þegar hlutdeild í sáttmálanum. Spurningin um að breyta rétt, þ.e.a.s. að fylgja ákvæðum lögmálsins, var svar gyðinga við vali Guðs. Það er tjáning gyðinga og staðfesting á því að þeir vilji áfram eiga hlutdeild í sáttmálanum, að þeir vilji vera „inni“.

Að lesa í réttri tímaröð

Páll snerist sem sagt ekki til kristinnar trúar þegar hann tók trú á Jesú, enda var kristindómurinn ekki orðinn að staðreynd þegar Páll var uppi. Páll notar aldrei orðið „kristinn“ eða „kristindómur“ – síðara orðið er fyrst notað í byrjun 2. aldar. Þær spurningar sem Páll og aðrir samtímamenn hans úr Jesúhreyfingunni glímdu við voru málefni sem rædd voru innan gyðingdóms. Þetta voru gyðingleg málefni.

Kristindómurinn sem slíkur varð ekki til fyrr en eftir árið 70 þegar Jesúhreyfingin tók smátt og smátt að slíta sig frá móðurátrúnaðinum í kjölfar ósigurs gyðinga í stríði þeirra við Rómverja er Jerúsalem og musteri gyðinga voru lögð í rúst. Í sagnfræðilegu samhengi er afar mikilvægt að lesa söguna í réttri tímaröð, að lesa hana ekki aftur á bak, í ljósi þess sem síðar varð. Þannig er til að mynda mikilvægt að lesa ekki frumkristna texta í ljósi þeirrar kenningar að Jesús hafi verið guð. Fæst rit Nýja testamentisins líta á Jesú sem guð, en sú kenning varð líklega fyrst til í lok fyrstu aldar.

Var Páll postuli þá kristinn? Já og nei. Hann var „kristinn“ að því leyti að hann trúði því að Jesús hefði verið kristur, messías. En ef slíkt hugtak á að vera notað um Pál verður fólk að átta sig á því að „kristinn“ í þessu samhengi vísar til trúarlegrar afstöðu innan gyðingdóms, ákveðinnar hreyfingar innan gyðingdóms. Sögulega séð var Páll ekki kristinn að því leyti að hann hafi verið eitthvað annað en gyðingur. Hann var að öllu leyti gyðingur. Kristindómurinn var ekki til á tímum Páls.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 84460 31/05

Nú fljúgum við beint til

PHILADELPHIA

Sagan er aldrei langt undan í Philly

Philadelphia er stórborg með smábæjarsjarma. Þessi fyrrum höfuðborg Bandaríkjanna er rík af sögu og full af fallegum gömlum byggingum. Skemmtileg söfn, framúrskarandi sinfónía – og svo má auðvitað ekki gleyma að fá sér ekta Philly cheesesteak-samloku.

Icelandair býður upp á beint flug til Philadelphia fjórum sinnum í viku fram til 20. september 2017.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

ICELANDAIR

Íþróttafréttakona fékk óvænt bað á hafnaboltaleik í Boston

Kalt og blautt Íþróttafréttakonan Guerin Austin varð að skipta um föt í vinnunni er hún var að taka viðtöl á hafnaboltaleik Boston Red Sox og Seattle Mariners. Verið var að fagna hetju Boston með Powerade-baði og varð hún fyrir gusunni. Því átti hún ekki von á. NORDICPHOTOS/GETTY

Víðishjartað er rosalega sterkt

Víðir úr Garði er bikarlið inn að beini. Fyrir 30 árum komst liðið alla leið í úrslit keppninnar, sem frægt er. Þá hafa Víðismenn komist lengra en mörg önnur lið úr neðri deildum Íslandsmótsins síðustu ár.

FÓTBOLTI 16 liða úrslit Borgunarbikarkeppni karla hófust í gærkvöldi en alls fara sex leikir fram í kvöld. Meðal þeirra er viðureign Víðis úr Garði og Fylkis suður með sjó.

„Bikarkeppnin hefur mikla þýðingu fyrir okkur. Þetta eru alltaf stærstu leikirnir á árinu, sérstaklega ef við komumst lengra en í 32 liða úrslitin," segir Jón Gunnar Sæmundsson, fyrirliði Víðis. Í fyrra féll Víðir úr leik eftir æsispennandi framlengdan leik gegn Selfossi, 4-3, er liðið lék í þriðju deild. Víðismenn fóru þó upp í 2. deildina síðastliðið haust.

„Við vorum í þriðju deildinni í átta ár en höfum fengið skemmtilega leiki í bikarnum reglulega. Við lékum til að mynda gegn Val fyrir þremur árum. Það eru svona leikir sem gera sumrin aðeins skemmtilegri."

Tilbúnir í svona leiki

Bryngeir Torfason er þjálfari Víðis og lofar sína menn í hástert fyrir árangurinn í bikarnum. Víðir sló til að mynda Keflavík úr leik í 2. umferð keppninnar í ár eftir vítaspyrnukeppni.

„Þetta er í raun óvenjugóður árangur. Það er búið að vera stígandi í okkar liði enda erum við með sterkan hóp leikmanna sem kunna allir fótbolta. Þeir eru tilbúnir í svona leiki og langar að ná lengra. Um það snýst bikarinn," segir Bryngeir sem æfði vítaspyrnur sérstaklega í gærkvöldi.

Jón Gunnar segir að lið Víðis sé að mestu skipað heimamönnum, strákum sem eru annað hvort uppaldir í Garði eða í nærliggjandi sveitarfélögum og eigi rætur að rekja í Garðinn. Þá eru þrír serbneskir leikmenn í liðinu í ár.

„Ég myndi segja að Víðishjartað sé rosalega sterkt. Við erum allir af Suðurnesjunum og við fórnum okkur meira en margir aðrir."

30 ár frá bikarúrslitum

Víðir á að baki fjögur tímabil í efstu deild karla, frá árunum 1985 til 1991. Liðið komst alla leið í bikarúrslitin árið 1987 og sló þá bæði KR og Val, Íslandsmeistara þess árs, úr leik á leið sinni í úrslit. Víðir steinlá þó fyrir Fram í úrslitaleiknum, 5-0.

Liðið var síðast í næstefstu deild árið 1999 en hefur síðan þá verið í neðri deildunum. Víðir var í 3. deildinni, sem er fjórða efsta deild á Íslandi, í átta tímabil áður en liðið vann sér sæti í 2. deildinni síðastliðið haust.

> **Við erum allir af Suðurnesjum og fórnum okkur meira en margir aðrir.**
>
> Jón Gunnar Sæmundsson, fyrirliði Víðis

Býð þá velkomna á Stæðið

Sigurinn á Keflavík í vor hafði mikla þýðingu fyrir Víðisliðið og þar á bæ vilja menn ná enn lengra en í 16 liða úrslitin, þó svo að sterkt lið Fylkis sé nú í heimsókn.

„Ég hef trú á því að við getum komist áfram. Það er árið 2017 og maður veit aldrei. Liðin á Íslandi eru alltaf að verða jafnari og jafnari. Ég held að það sé aðallega formið sem skilur á milli liðanna, þó svo að það sé auðvitað einhver gæðamunur líka á milli deilda," segir Jón Gunnar.

„Fylkir er á svipuðu róli og Keflavík. Fylkismenn hafa reyndar staðið sig vel og slógu til að mynda Breiðablik úr leik. En við höfum hjartað."

Bryngeir þekkir vel til Fylkismanna eftir að hafa þjálfað nokkra leikmenn úr liðinu í dag í 2. flokki fyrir áratug. „Ég býð þá bara velkomna á Stæðið eins og sagt er. Ég hlakka mikið til að hitta þá," sagði Bryngeir og brosti.

eirikur@frettabladid.is

Nýjast

Borgunarbikar karla

ÍA- Grótta 2-1

0-1 Ingólfur Sigurðsson (63.), 1-1 Tryggvi Hrafn Haraldsson (83.), 2-1 Tryggvi Hrafn Haraldsson (95.).

Þetta var fyrsti leikurinn í 16-liða úrslitum keppninnar.

TIGER SOFANDI EN EKKI FULLUR

Tiger Woods, frægasti kylfingur heims, var ekki undir áhrifum áfengis þegar lögreglan handtók hann um síðustu helgi eins og haldið var. Tiger sagði því satt í yfirlýsingu til fjölmiðla í fyrradag.

Í henni sagði Tiger að hann hefði verið undir samverkandi áhrifum nokkurra lyfseðilsskyldra lyfja en hann er að jafna sig eftir enn eina bakaðgerðina.

„Ég gerði mér ekki grein fyrir því að þessi blanda af lyfjum hefði haft svona mikil áhrif á mig," sagði Tiger.

Þessar nýjustu upplýsingar koma fram í lögregluskýrslunni sem fjölmiðlar í Bandaríkjunum hafa nú undir höndum. Í henni kemur fram að Tiger var sofandi í Mercedes-bifreið sinni þegar lögreglan kom að honum og þá féll hann harkalega á áfengisprófinu. Hann var þvoglumæltur með eindæmum og gat ekki staðið í lappirnar.

Hann var undir miklum áhrifum verkjalyfja en skoraði 0,00 þegar hann blés í áfengismælinn sem sannaði að hann var ekki fullur undir stýri eins og haldið var í fyrstu.

GÍSLI EKKI VALINN Í HÓPINN

Geir Sveinsson landsliðsþjálfari tilkynnti leikmannahóp sinn fyrir mót í Noregi í fyrradag og fannst mörgum handboltaáhugamönnum skrítið að ekkert pláss væri fyrir efnilegasta handboltamann landsins í hópnum.

Hinn 17 ára gamli Gísli Þorgeir Kristjánsson fór á kostum með FH í úrslitakeppni Olís-deildarinnar og dró FH-vagninn. Hann var svo valinn besti leikmaður úrslitakeppninnar.

Aron Pálmarsson, Arnór Atlason og Ásgeir Örn Hallgrímsson fengu frí og fara ekki til Noregs og svo var heldur ekki hægt að velja leikmenn úr þýsku úrvalsdeildinni. Sex nýliðar eru því í hópnum en enginn Gísli.

„Gísli er frábær leikmaður sem hefur staðið sig einstaklega vel. Hann kom svo virkilega sterkur út úr úrslitakeppninni. Sýndi á sér sterka hlið sem við vorum ekki alveg búin að sjá í Íslandsmótinu fram að því," segir Geir í samtali við íþróttadeild.

„Það er klárt mál að Gísli er framtíðarleikmaður en við ákváðum að bíða með að velja hann í þetta skiptið. Hann stendur líka í ströngu og mörg verkefni eru fram undan. Hans tími kemur klárlega síðar."

Í dag

19.45	Valur - Stjarnan	Sport
19.10	ÍR - KR	Sport 2

Borgunarbikar karla:

17.30	ÍBV - Fjölnir	
18.00	Víðir - Fjölnir	
19.15	ÍR - KR	
19.15	Ægir - Víkingur R.	
19.15	FH - Selfoss	
20.00	Valur - Stjarnan	

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 31. maí 2017

21. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX

OYSTER PERPETUAL

YACHT-MASTER 40

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Áhugi erlendra fjárfesta á Leifsstöð eykst

Forstjóri Isavia segir umræðu um mögulega einkavæðingu Keflavíkurflugvallar hafa leitt til aukins áhuga erlendra fjárfesta. Orðinn fimmti stærsti flugvöllur Evrópu í ferðum til Norður-Ameríku. »6

»2

Vilja tilboð í Cintamani

Eigendur Cintamani kanna mögulega sölu á íslenska fataframleiðandanum og hafa fengið Beringer Finance til að sjá um samskipti við valinn hóp fjárfesta.

»4

Tekjurnar upp um 43 prósent

Velta Bláa lónsins í fyrra nam 77,2 milljónum evra eða yfir tíu miljörðum króna. EBITDA-hagnaður var 28 milljónir evra og fjöldi heimsókna fór í fyrsta sinn yfir milljón.

»8

Kominn tími á að fjárfesta erlendis?

„Þótt vissulega sé innistæða fyrir umtalsverðri raungengishækkun krónunnar er verðsamanburður á milli Íslands og þróaðra stórborga slíkur að talsverðar líkur hljóta að vera á einhverri leiðréttingu til lengri tíma.“

Bandarískur sjóður í hóp stærstu hluthafa Nýherja

Fjárfestingarsjóður á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Wellington Management er kominn í hóp stærstu hluthafa Nýherja með tæplega 1,8 prósenta hlut. Þetta er þriðja skráða fyrirtækið í Kauphöllinni þar sem sjóðir í stýringu Wellington Management komast á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa en fyrr á árinu eignuðust þeir talsverða eignarhluti í N1 og Símanum.

Sjóðurinn Wellington Trust Company National Association, sem eignaðist hlut sinn í Nýherja núna í maímánuði, er þannig tólfti stærsti hluthafi félagsins en miðað við núverandi gengi bréfa Nýherja er hluturinn metinn á um 265 milljónir. Markaðsvirði Nýherja er um 14,9 milljarðar – aðeins Skeljungur er með lægra markaðsvirði af skráðum félögum í Kauphöllinni – en gengi bréfa upplýsingatæknifyrirtækisins hefur hækkað um liðlega 58 prósent frá áramótum.

14,9

milljarðar er núverandi markaðsvirði Nýherja.

Tekjur Nýherja jukust um 20 prósent á fyrsta fjórðungi ársins og námu um fjórum milljörðum. Það er ekki síst góður árangur í hugbúnaðartengdri starfsemi Nýherja, meðal annars hjá dótturfélaginu Tempo, sem hefur dregið vagninn í tekjuvextinum. Á árinu 2016 námu tekjur Tempo um 13 milljónum dala og jukust um 40 prósent á milli ára. Á fyrsta fjórðungi var tekjuaukningin 46 prósent. Nýherji skoðar nú þann möguleika að selja meirihluta hlutafjár í Tempo.

Fjárfestingar erlendra sjóða í skráðum félögum námu 19 milljörðum fyrstu fjóra mánuði ársins borið saman við 11 milljarða á öllu árinu 2016. **– hae**

Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

Microsoft Enterprise Mobility + Security

Verndar tölvur og gögn fyrirtækisins með öryggisbúnaði sem byggir á persónulegri auðkenningu.

microsoft-ems.is

Cintamani rekur sex verslanir hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Óska eftir tilboðum í allt hlutafé Cintamani

Sænska fjármálafyrirtækið Beringer Finance sendi út fjárfestakynningu fyrir hönd eigenda Cintamani. Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum rennur út í lok júní. Formlegt söluferli ekki hafið að sögn framkvæmdastjórans.

Eigendur Cintamani kanna samkvæmt heimildum Markaðarins mögulega sölu á öllu hlutafé íslenska fataframleiðandans og hafa þeir fengið sænska fjármálafyrirtækið Beringer Finance til að sjá um samskipti við valinn hóp fjárfesta. Stutt fjárfestakynning (e. teaser) var send út fyrir skemmstu og fjárfestum gefinn frestur til júníloka til að skila inn óskuldbindandi tilboðum.

Einar Karl Birgisson, framkvæmdastjóri Cintamani, segir formlegt söluferli ekki hafið og að engin ákvörðun hafi verið tekin um hvort fyrirtækið verði boðið til sölu. Beringer hafi verið fengið til að meta næstu skref eftir að eigendum fataframleiðandans barst tilboð í fyrirtækið fyrir nokkrum mánuðum.

„Eigendum félagsins barst tilboð fyrir nokkrum mánuðum og upp úr því leituðu þeir til Beringer til að gera ákveðna kostagreiningu. Það er hvaða kostir eru í stöðunni eftir að tilboðið barst og hvað sé rétta skrefið í stöðunni. Fyrirtækið er því ekki í eiginlegu söluferli því eigendurnir eru alveg eins líklegir til að stíga önnur skref ef niðurstaða Beringer verður á þá leið," segir Einar Karl.

Fyrirtækið er því ekki í eiginlegu söluferli því eigendurnir eru alveg eins líklegir til að stíga önnur skref ef niðurstaða Beringer verður á þá leið.

Einar Karl Birgisson, framkvæmdastjóri Cintamani

„Við höfum verið í gríðarlega mikilli uppbyggingu á félaginu innan frá undanfarna fjórtán mánuði. Við skynjum árangur þess og því þótti mér áhugavert að við fengum tilboð í fyrirtækið sem var ekki svarað á annan hátt en að menn fóru í þessa vinnu með Beringer."

Cintamani er í eigu Kristins Más Gunnarssonar, stjórnarformanns fyrirtækisins, og Frumtaks slhf. Kristinn á 70 prósenta hlut en Frumtak er í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, sex lífeyrissjóða og stóru viðskiptabankanna þriggja.

Heimildir Markaðarins herma að í fjárfestakynningunni hafi áætlaðar tekjur Cintamani á þessu ári verið gefnar upp. Þær eigi að nema um 1.100 milljónum króna og gert sé ráð fyrir að rekstrarhagnaður (EBITDA) muni nema um 145 milljónum króna. Fataframleiðandinn var rekinn með tæplega 30 milljóna króna hagnaði árið 2015 samkvæmt síðasta birta ársreikningi hans. Afkoman þá var mun betri en árið á undan þegar reksturinn skilaði 3,7 milljóna hagnaði. Aðalstarfsemi Cintamani er fólgin í hönnun, framleiðslu og sölu á útivistarfatnaði og rekur fyrirtækið sex verslanir hér á landi.

haraldur@frettabladid.is
hordur@frettabladid.is

Opnun lúxushótels seinkar um ár

Stefnt er að verklokum við lúxushótel Icelandair á Landssímareitnum við Austurvöll vorið 2019 og mun opnun þess því seinka um eitt ár. Davíð Þorláksson, framkvæmdastjóri Lindarvatns, eiganda byggingarinnar og lóðanna á reitnum, segir breytingar á deiluskipulagi svæðisins hafa tafist hjá Reykjavíkurborg.

„Við erum að bíða eftir svörum frá borginni varðandi breytingar á deiluskipulaginu. Þangað til það liggur fyrir gefur borgin ekki út nein framkvæmdaleyfi. Við erum að vonast til að þetta liggi fyrir á allra næstu vikum og að verklok verði vorið 2019," segir Davíð.

„Við höfum gert borginni grein fyrir því að við erum nokkuð ósátt við hvað þetta hefur tekið langan tíma. Það er leiðinlegt sérstaklega fyrir borgarbúa að þarna í hjarta borgarinnar séu þessi hús í því ástandi sem þau eru og engin starfsemi þar."

Framkvæmdum við nýtt hótel við Austurvöll átti að ljúka vorið 2018.

Icelandair Group keypti helmingshlut í Lindarvatni í ágúst 2015 af hinum eiganda reitsins, Dalsnesi ehf., sem er alfarið í eigu Ólafs Björnssonar, eiganda matvöruheildverslunarinnar Innness. Lindarvatn stóð í byrjun mars í fyrra fyrir 3,1 milljarðs króna skuldabréfaútgáfu til að fjármagna framkvæmdirnar á reitnum. Hótelið verður 160 herbergja eða ellefu þúsund fermetrar að stærð af þeim fimmtán þúsund sem gert er ráð fyrir á reitnum. Þar verða einnig veitingastaðir, verslanir, íbúðir og að sögn Davíðs einnig að öllum líkindum safn um sögu Alþingis. **– hg**

NÝR JAGUAR F-PACE

SPORTJEPPI SEM ÞÚ HEFUR BEÐIÐ EFTIR.

JAGUAR

ENNEMM / SIA / NM81926

F-PACE er fyrsti hraðskreiði jeppinn í Jaguar-fjölskyldunni. Hér er kominn ótrúlega hagkvæmur sportbíll sem sameinar einstaka fegurð og snarpa aksturseiginleika. F-PACE er afar afkastamikill og með honum er hægt að velja aldrif eða afturhjóladrif og AdSR-gripkerfi sem greinir mismunandi yfirborð til að tryggja hámarksgrip. Hægt er að velja úr mörgum öflugum vélum sem eyða frá 4,7 l/100 km* og losa frá 139 g/km í blönduðum akstri. Í bílnum er rúmgóð 650 l farangursgeymsla auk þess sem fjölhæf 40:20:40 sætaskipanin býður upp á allt að 1.740 l farangursrými. Aukin þægindi eru fólgin í tómstundalyklinum, vatnsheldu armbandi sem læsir og aflæsir F-PACE. Hægt er að hafa það á sér í stað lykils með fjarstýringu. InControl upplýsinga- og afþreyingarkerfið sér svo um afþreyingu og tengingu til að allir njóti hverrar einustu ökuferðar.

WORLD CAR OF THE YEAR
WINNER
WORLD CAR AWARDS
2017

jaguarisland.is

THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar F-Pace, sjálfskiptur, dísil: **Verð frá 7.490.000 kr.**

* Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Tekjur Bláa lónsins upp um 43 prósent

EBITDA-hagnaður Bláa lónsins var 28 milljónir evra í fyrra og hefur næstum þrefaldast á aðeins fimm árum. Tekjurnar fóru yfir tíu milljarða og fjöldi gesta í lónið var rúmlega 1.100 þúsund.

Tekjur Bláa lónsins hafa aukist úr 25 milljónum evra í 77 milljónir evra frá 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hagnaður Bláa lónsins fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var 28,2 milljónir evra á árinu 2016, jafnvirði um 3.150 milljóna króna á núverandi gengi, og jókst um tæplega sjö milljónir evra frá fyrra ári. Á aðeins fimm árum hefur EBITDA Bláa lónsins næstum því þrefaldast.

Vöxtur Bláa lónsins hefur verið gríðarlegur á undanförnum árum. Á því varð engin breyting í fyrra en tekjur félagsins námu þá samtals 77,2 milljónum evra og jukust um meira en 43 prósent á milli ára. Á árinu 2012 námu tekjur Bláa lónsins til samanburðar aðeins 25 milljónum evra. Ársreikningur Bláa lónsins hefur enn ekki verið gerður opinber en Markaðurinn hefur fengið upplýsingar um helstu niðurstöður síðasta rekstrarárs.

Fjöldi heimsókna fór í fyrsta sinn yfir milljón talsins en samtals sóttu 1.122 þúsundir gestir Bláa lónið á árinu 2016 og fjölgaði þeim um liðlega tvö hundruð þúsund. Tekjur af sölu í lónið námu um 45 milljónum evra, eða um 58 prósentum af heildartekjum Bláa lónsins, sem jafngildir um sex milljörðum íslenskra króna miðað við meðalgengi evru í fyrra. Það þýðir að gestir Bláa lónsins hafi greitt samtals rúmlega 16 milljónir króna að meðaltali á dag í aðgangseyri í fyrra. Veitingasala var næststærsti tekjupóstur Bláa lónsins og skilaði um 18 milljónum evra, en það er um 125 prósenta aukning á aðeins tveimur árum.

EBITDA Bláa lónsins
í milljónum evra



Eigið fé Bláa lónsins var 53,6 milljónir evra í lok síðasta árs og eiginfjárhlutfall félagsins ríflega 49 prósent. Arðsemi eigin fjár nam tæplega 44 prósentum í fyrra og vaxtaberandi skuldir fyrirtækisins eru aðeins um 34 milljónir evra. Aðalfundur Bláa lónsins fer fram eftir um tvær vikur og þar verður lögð fram tillaga um greiðslu arðs til hluthafa vegna síðasta rekstrarárs. Í fyrra greiddi Bláa lónið 1,4 milljarða í arð.

30 milljarða verðmiði?

Hlutafélagið Hvatning er stærsti eigandi Bláa lónsins með ríflega 39 prósenta hlut. Framtakssjóðurinn Horn II, sem er í eigu lífeyrissjóða, fjármálafyrirtækja og annarra fagfjárfesta, á 49,45 prósenta hlut í félaginu en Kólfur heldur hins vegar utan um 50,55 prósenta hlut í Hvatningu. Eigendur Kólfs eru Grímur Sæmundsen, forstjóri og stofnandi Bláa lónsins, (75 prósent) og Eðvard Júlíusson (25 prósent). Þá á eignarhaldsfélagið Keila 9,2 prósenta hlut í Bláa lóninu en það er í meirihlutaeigu Hvatningar. Aðrir hluthafar í Keilu eru Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi og varaformaður stjórnar Bláa lónsins, og ýmsir stjórnendur Bláa lónsins. HS Orka er næststærsti hluthafi Bláa lónsins með um 30 prósenta hlut.

Þá er einnig að finna ýmsa aðra einkafjárfesta sem eru umsvifamiklir í hluthafahópi Bláa lónsins. Þannig á Helgi Magnússon, stjórnarformaður og fyrrverandi varaformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna, um 6,2 prósenta hlut í gegnum félagið Hofgarða. Þá á Sigurður Arngrímsson, fjárfestir og fyrrverandi starfsmaður Morgan Stanley í London, um fimm prósenta hlut og Ágústa Johnsen, framkvæmdastjóri og einn eigenda Hreyfingar, á um þrjú prósent í gegnum einkahlutafélagið Bogmanninn.

Tilkynnt var um það fyrr í þessum mánuði að HS Orka, sem er í meirihlutaeigu kanadíska orkufyrirtækisins Alterra, hefði ákveðið að kanna mögulega sölu á hlut sínum í Bláa lóninu. Ljóst er að sá hlutur er gríðarlega verðmætur. Sé litið til þess að Bláa lónið skilaði EBITDU upp á rúmlega 28 milljónir evra í fyrra – og væntingar eru um áframhaldandi vöxt samhliða auknum straumi ferðamanna til landsins – þá má gróflega áætla að heildarvirði fyrirtækisins sé um 260 milljónir evra, eða tæplega 30 milljarðar króna á núverandi gengi. Hlutur HS Orku gæti því verið metinn á um níu milljarða.

hordur@frettabladid.is

HP ELITE SLICE

Fegurð. Afl. Hugvit.

Ný nálgun

HP Elite Slice er einstaklega nett og frábærlega hönnuð. Algjörlega ný nálgun þegar kemur að hönnun borðtölvu.

Fjölhæf lausn

Settu Slice upp á þá vegu sem hentar þínu umhverfi með mismunandi viðbótareiningum.

Afl og öryggi

Með öflugum Intel® Core™ i5-6500T Quad Core örgjörva og HP öryggislausnum fyrir fyrirtækjaumhverfi.

keep reinventing

Ultrabook, Celeron, Celeron Inside, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Atom, Intel Atom Inside, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, vPro Inside, Xeon, Xeon Phi, eru Xeon Inside vörumerki Intel Corporation í the Bandaríkjunum og öðrum löndum. Intel and Intel Unite eru vörumerki Intel Corporation eða dótturfyrirtækja í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Opin Kerfi

Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, segir starfsmannafjölda og fjölda farþega á Keflavíkurflugvelli hafa tvöfaldast á einungis tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Einkavæðingartal nær eyrum fjárfesta

Forstjóri Isavia hefur fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta í kjölfar umræðu um mögulega einkavæðingu Keflavíkurflugvallar. Orðinn fimmti stærsti flugvöllur Evrópu í ferðum til Norður-Ameríku og forstjórinn óttast ekki uppþot þar sem unnið sé að stækkun.

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, segir umræðu síðustu vikna um mögulega einkavæðingu Keflavíkurflugvallar hafa leitt til aukins áhuga erlendra fjárfesta á framvindu málsins. Forstjórinn segir ótækt ef aðskilja ætti tvo helstu tekjustrauma flugvallarins en ítrekar að það sé ákvörðun ríkisvaldsins hvort og þá hvernig völlurinn yrði seldur. Starfsfólk Isavia búi sig nú undir annamesta tíma ársins á sama tíma og Keflavíkurflugvöllur sé nýkominn í fimmta sæti af öllum flugvöllum Evrópu hvað varðar fjölda ferða til Norður-Ameríku.

„Ef farið verður út með flugvöllinn í einhvers konar einkavæðingu, sama hvernig hún verður, þá væri eðlilegt að það væri gert í opnu ferli á Evrópska efnahagssvæðinu. Þess vegna verða menn að átta sig á því að ferlið yrði opið og skýrt því mjög margir myndu fylgjast með þessu um alla Evrópu. Menn fylgjast með þessu nú þegar og við heyrum af áhuga flugvallafjárfesta á að koma og tala við okkur. Þessi umræða hefur leitt til þess að við erum farin að heyra meira en áður frá erlendum fjárfestum um hvort þeir megi koma í heimsókn og fá kynningu á fyrirtækinu. Þessir aðilar fylgjast vel með umræðunni hér á landi en mér vitanlega er ekkert komið í gang af alvöru," segir Björn Óli.

Tveir tekjustofnar

Umræðan sem Björn Óli vísar til hófst að nýju um miðjan maí með áliti meirihluta fjárlaganefndar Alþingis við þingsályktun um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2018-2022. Þar segir meirihlutinn að hann telji tímabært að opna umræðu um að ríkið „leiti leiða til að umbreyta því fjármagni sem bundið er í mannvirkjum í flugstöðinni í Keflavík og nota það til átaks í endurbótum samgöngumannvirkja". Björn hefur síðan þá sagt það óráðlegt ef einungis hluti af rekstrinum yrði einkavæddur.

„Þegar flugvellir eru einkavæddir þá eru almennt þrjár leiðir sem farnar hafa verið. Ein leið er að útvista rekstrinum til lengri tíma, þannig að einhver ákveðinn aðili taki hann og eignirnar að sér og skili þeim svo aftur. Leið tvö er að fara með flugvöllinn á markað. Þriðji möguleikinn er að selja fyrirtækið í heild sinni eða að hluta," segir Björn Óli og bætir við að flugvellir hafi að jafnaði tvo megintekjustrauma.

„Annars vegar er um að ræða flugtengdar tekjur eða notendagjöldin sem flugfélögin greiða fyrir þjónustu við flugvélar og farþega og hins vegar tekjur vegna annarrar þjónustu eins og útleigu á verslunarrými eða notkun bílastæða. Þessir tveir tekjustraumar eru grunnur flugvallarrekstrar og þeir sem hafa áhuga á rekstri Keflavíkurflugvallar myndu alltaf leitast við að halda þeim. Það er ríkisvaldsins að ákveða hvort það vilji eiga flugvöllinn og rekstur hans eða ekki en mikilvægt er að tekjustreymið sé með þessum hætti og ekki æskilegt að búta það niður," segir Björn Óli.

Telur þú að Isavia geti staðið eitt undir öllum þeim fjárfestingum sem á að ráðast í innan fyrirtækisins á næstu árum? „Isavia er bara eins og hvert annað fyrirtæki í rekstri og ef fyrirtæki telur sig ekki geta staðið undir fjárfestingum sem ætlunin er að ráðast í þá á það ekki að standa í þeim. Ég tel að Keflavíkurflugvöllur eins og hann er í dag geti staðið undir eðlilegum fjárfestingum. Ég tel að það skipti ekki máli í því sambandi hver eigi flugvöllinn því hann myndi alltaf þurfa að standa undir þeim fjárfestingum sem ráðast þarf í. Ef menn væru að kaupa sig inn í reksturinn, og horfandi á að þar væri mikil áhætta vegna þess að flugvöllurinn gæti ekki staðið undir slíkum fjárfestingum, þá myndu menn greiða lágt verð fyrir flugvöllinn."

Nóg pláss eftir

Nú eruð þið í milljarðaframkvæmdum í Keflavík. Hvað ber þar hæst? „Mikilvægasta framkvæmdin sem við stöndum í núna er endurnýjun flugbrautakerfisins. Við ætluðum að gera það fyrst um 2008 og þá átti það að gerast helst á morgun. Svo kom hrunið og það frestaðist en við byrjuðum í fyrra og vonandi náum við að klára brautirnar í ár og það skiptir okkur öll máli að þær séu í góðu standi. Við framkvæmdirnar núna höfum við þurft að loka annarri brautinni á meðan við malbikum hina en þetta verður sennilega síðasta skiptið sem við munum fara þá leið. Næst þegar farið verður í þessa framkvæmd, eftir 15-20 ár, munum við vinna þetta meira í bútum og þá verða brautirnar líklega báðar opnar megnið af framkvæmdatímanum en þær verða þá styttri."

Björn Óli nefnir einnig framkvæmdir við flugstöðina í Keflavík og að stærsta verkið þar sé stækkun suðurbyggingarinnar til norðurs. Henni er meðal annars ætlað að stækka svæðið undir vegabréfaeftirlitið en einnig er unnið að framkvæmdum við stæði undir sjö stórar breiðþotur.

> **Fyrir nokkrum árum keyptu erlendir ferðamenn nánast ekki neitt í Fríhöfninni á leiðinni inn í landið. Það hefur breyst.**
>
> Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia

„Spurningin fyrir framtíðina er hvað best sé að gera til næstu ára og áratuga, til dæmis hvort eigi fyrst að stækka núverandi flugstöðvarbyggingu eða hefja stækkun flugstöðvarinnar með stækkun austurfingursins svokallaða. Báðir þessir möguleikar eru stór verkefni, það er ekki komin niðurstaða um á hvorri framkvæmdinni við byrjum en ég held það sé líklegra að við byrjum á að stækka innritunarsalinn og svæðið fyrir vopnaleitina. Áður en ráðist var í stækkun flugstöðvarinnar 2004 náðu biðraðir innritunarfarþega stundum út úr byggingunni en við erum ekki komin þangað en við þyrftum að finna leið til að stækka aðstöðuna í norðurbyggingunni."

Hafið þið þurft að neita flugfélögum um afgreiðslu sökum þess hversu mikil eftirspurnin er eftir flugstæðum? „Við sjáum ekki um úthlutun afgreiðslutíma, heldur er það óháður aðili. Sá aðili hefur gert fyrirtækjum ljóst að hér er ekkert laust á háannatíma. Aftur á móti eru enn lausir tímar eins og milli klukkan fimm á daginn og fram undir tíu að kvöldi og eins yfir miðjan daginn, frá níu til 14. Þá getur fólk fengið pláss en flugfélögin semja oft sín á milli og ná þannig að færa tímana til. Það er nóg pláss eftir í flugstöðinni en þarna er um að ræða þessa álagstíma. Það er ánægjulegt að sjá að tekist hefur að dreifa umferðinni betur yfir sólarhringinn og hafa bæði stóru flugfélögin á Keflavíkurflugvelli náð að dreifa betur úr umferðinni og fjölga farþegum mikið."

Hefur styrking krónunnar haft áhrif á vöru- og veitingasölu hjá dótturfélaginu Fríhöfninni? „Það er ljóst að styrking krónunnar hefur áhrif og það er enginn að efast um það. Ferðamönnum finnst verðið á Keflavíkurflugvelli vera mjög hátt og það er orðið dýrt að vera á Íslandi. Ég var á ráðstefnu hér heima um daginn og þar voru allir að tala um hversu mikið þá langaði að koma aftur en að landið væri orðið ansi dýrt. Fyrir nokkrum árum keyptu erlendir ferðamennn nánast ekki neitt í Fríhöfninni á leiðinni inn í landið. Það hefur breyst en við erum aftur á móti ekki að sjá mjög mikla aukningu þegar kemur að vörum eins og áfengi nema hjá fámennum og afmörkuðum hópi."

Óttast ekki uppþot

Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, sagði á fundi hjá flugvirktarráði í janúar að lítið þyrfti til að uppþot yrðu í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Ert þú sömu skoðunar? „Ég sat þennan fund og Ólafur Helgi var þarna að leggja áherslu á að hlutirnir yrðu að ganga. Við erum búin að vera í miklu samráði við lögregluna svo hún ráði við þennan mikla fjölda sem fer í gegnum flugvöllinn á álagstímum. Bæði ráðherrar og þingið tóku vel í beiðni Ólafs um aukningu hjá lögreglunni og settu í þetta ef ég

FÓLK

Viðburðir

MIÐVIKUDAGUR 31. MAÍ 2017

Ingunn Huld Sævarsdóttir flautuleikari heldur tónleika í sal Listaháskóla Íslands.

viðburðir ➔4

Embla Andradóttir, sonardóttir Sigríðar, bíður spennt eftir því að kakan verði borin á borð en hún hjálpaði að skreyta hana.

Uppáhald barnabarnanna

Barnabörn Sigríðar Bjarkar Bragadóttur halda mikið upp á bananarúllutertu ömmu sinnar og óska eftir henni í eftirrétt í hvert sinn sem þau koma í heimsókn. ➔2

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

Þessi bananarúllutera er einkenniseftirréttur þegar barnabörnin koma í heimsókn. Þau elska þessa köku og eru varla komin inn úr dyrunum þegar þau spyrja hvort ég hafi bakað hana í eftirrétt," segir Sigríður sem er eigandi Salt eldhúss. Hún bætir þó við að kakan sé einnig mjög vinsæl hjá fullorðna fólkinu. „Kakan er bökuð í stórri ofnskúffu og ég fæ níu góðar sneiðar út úr henni. Oftast leyfi ég börnunum að skreyta og þá verður hún pínu ofskreytt, en mjög flott."

Sigrún gefur uppskrift að bananarúllutertunni en einnig að thai salati með nautasneiðum sem er í uppáhaldi hjá henni og manninum hennar þessa dagana. „Salatið er fljótlegt og við gerum það þegar okkur langar í eitthvað

Framhald á síðu 2 ➔

Framhald af forsíðu

mjög djúsí en höfum ekki mikinn tíma. Ein steik er nóg ef við gerum salatið bara fyrir okkur tvö enda mjög hollt að borða fullt af grænmeti með kjötinu.“

Bananarúlluterta

Fyrir 8

Hér kemur smellur! Þessi er sú alvinsælasta hjá okkur í Salti og kakan sem öllum líkar, á öllum aldri.

4 egg
160 g sykur
65 g kartöflumjöl
2 tsk. lyftiduft
3 msk. kakó
4 bananar
4 dl rjómi
20 g súkkulaði, saxað eða rifið gróft
Sítrónusafi til að kreista yfir bananana

Hitið ofninn í 250°C, 220 á blástur. Þeytið egg og sykur mjög vel saman eða þar til það er létt og loftmikið. Blandið kartöflumjöli, lyftidufti og kakói saman og sigtið út í eggjamassann, blandið varlega saman með sleikju. Setjið bökunarpappír í ofnskúffu, smyrjið pappírinn með matarolíu. Hellið deiginu í formið og bakið kökuna í miðjum ofni í 4 -5 mín. Setjið örk af bökunarpappír á borðið, stráið svolitlum sykri á hann. Hvolfið kökunni á pappírinn, látið kólna smástund og flettið pappírnum síðan varlega af. Ef það reynist erfitt að ná pappírnum af er ráð að setja rakt viskustykki ofan á í smástund og fletta kökunni af pappírnum með hnífi. Látið kökuna kólna.

Þeytið rjómann, takið smávegis frá til að skreyta með. Stappið þrjá banana og blandið saman við rjómann sem fer í fyllinguna. Smyrjið bananarjómanum á kökuna og rúllið henni upp. Sprautið eða setjið rjóma ofan á rúlluna með skeið og skreytið með bananasneiðum. Kreistið sítrónusafa yfir bananana svo þeir verði ekki brúnir. Stráið súkkulaði ofan á. Líka er fallegt að skreyta með jarðarberjum og bræddu súkkulaði.

Sigríður Björk Bragadóttir í eldhúsinu heima þar sem hún ver ófáum stundum. MYND/GVA

Spennandi thai salat með nautasneiðum

Fyrir 4

Hér er kominn tilvalinn helgarréttur, létt og ljúffengt salat. Fallegt að setja þetta salat frekar á fat en djúpa skál því þannig nýtur það sín best. Hér er samsetningin frekar einföld en gjarnan má bæta konfekttómötum og kjarnhreinsuðum agúrkum í ef vill.

2 góðar sneiðar nautakjöt, annaðhvort rib-eye eða sirloinsneiðar (400-500 g samtals)
2 msk. olía
1 poki salat, helst blandað með nokkrum tegundum af salati
1 stór gulrót eða 2 minni
3 vorlaukar
8 radísur, sneiddar fínt
Hnefafylli mynta, söxuð
4 msk. kasjúhnetur, ristaðar á pönnu í örlítilli olíu

Thai salat með nautasneiðum, ferskt, létt og hollt.

Hitið olíu á pönnu og steikið nautasneiðarnar þar til þær verða miðlungssteiktar, munið að salta og pipra. Munið að láta kjötið bíða í 15 mínútur eftir að það hefur verið steikt svo safinn haldist í því þegar það er skorið. Skolið salatið og þerrið og setjið á stórt fat. Afhýðið gulrótina og skerið í þunna strimla eftir endilöngu með kartöfluflysjara. Skáskerið vorlaukinn í þunnar sneiðar. Setjið gulrætur, vorlauk og radísur ofan á salatið. Skerið nautasneiðarnar í u.þ.b. 1 cm þykkar sneiðar og raðið fallega ofan á grænmetið. Bætið saxaðri myntu og kasjúhnetum ofan á og dreypið að síðustu salatsósunni yfir.

> Tilvalinn helgarréttur, létt og ljúffengt salat.

Salatsósa

1 hvítlauksgeiri, saxaður gróft
1 ferskur chilipipar, sneiddur
2 tsk. hrásykur
2 msk. fiskisósa
2 límónur, safinn af þeim

Setjið hvítlauk og chilipipar í mortél og maukið vel. Setjið allt annað hráefni út í og blandið vel saman. Smakkið til, sósan á að vera sæt/sölt með súrum keim.

Sofðu rótt í alla nótt

rekkjan
HEILSURÚM

Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

Útsöluaðilar:
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
Dreifingaraðili: DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á dansport.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson
Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.ls, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.ls, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.ls, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.ls, s. 512 5433

LYFJA
– Lifið heil

ESTĒE LAUDER

Estée Lauder kaupaukinn þinn í Lyfju Lágmúla og Smáratorgi dagana 31. maí - 7. júní.

Glæsilegur kaupauki* fylgir ef keyptar eru tvær eða fleiri vörur frá Estée Lauder.

*á meðan birgðir endast.

20% afsláttur af öllum Estée Lauder vörum 31. maí - 3. júní

Kaupaukinn inniheldur:
Perfectly Clean Multi-Action Hydrating Toning Lotion - Andlitsvatn, 30ml.
Advanced Night Repair - viðgerðardropa, 7ml
Advanced Night Repair Eye - Augnkrem, 5ml
DayWear Advanced Multi-Protection Anti-Oxidant Creme - Dagkrem, 15ml
The Illuminatior Radiant Perfecting Primer + Finisher - Farðagrunn, 15ml
Little Black Primer - Augnháraprimer, 2,8ml
Pure Color Envy Sculpting Gloss - varagloss, 4,6ml
Fallega snyrtibuddu

lyfja.is

Þetta verða skrýtnir tónleikar

Ingunn Huld Sævarsdóttir söngvaskáld heldur tónleika í sal Listaháskóla Íslands, Sölvhólsgötu, í kvöld klukkan 20. Tónleikarnir eru hluti af mastersnámi hennar við tónlistardeild LHÍ.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is

Lögin sem ég flyt í kvöld eru á því stigi að geta þróast í ýmsar áttir. Þau eru hrá og ég kemst að því í kvöld hvort mig langi til að vinna þau áfram og gefa þau út með haustinu, eða geri eitthvað alveg nýtt til að útsetja. Þetta verða skrýtnir tónleikar en þeir snúast um að sjá, eða heyra, vinnuna meðan hún er enn í ferli," útskýrir Ingunn Huld Sævarsdóttir en hún heldur tónleika í sal LHÍ við Sölvhólsgötu í kvöld. Tónleikarnir eru hluti af mastersnámi hennar við tónlistardeild skólans.

„Ég er búin með eitt ár af tveimur í námi sem kallast Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf. Í náminu var ég meðal annars í lagasmíðum og setti mér það verkefni fyrir að flytja efnið úr þeim kúrsi í vor. Ég er því að flytja lögin í fyrsta skipti. Reyndar slæðast þrjú eldri lög með og eitt þeirra hefur aldrei verið flutt áður."

Ingunn gaf út plötuna Fjúk fyrir tveimur árum og innihélt hún ellefu frumsamin lög og texta. Beðin um að lýsa tónlist sinni vefst Ingunni tunga um tönn og segir erfitt að flokka eigið efni.

„Kannski má kalla það sem ég hef gefið út þjóðlagapopp. Ég tók hins vegar aldrei meðvitaða ákvörðun um að búa til þjóðlagapopp. Útgangspunkturinn hjá mér við tónsmíðar eru yfirleitt textarnir og í skólanum fékk ég góða kennslu í öðruvísi tækni við textagerð en ég hef notað áður. Stundum dettur mér eitthvað í hug við dagleg störf en ég er að reyna að gera meira af því að setjast gagngert niður til að semja. Þetta er auðvitað bara vinna og maður er aldrei fullkomlega ánægður með það sem maður er að gera, það er alltaf eitthvað sem manni finnst mega breyta. Það er ekki auðvelt að ákveða hvar endapunkturinn á að vera en nauðsynlegt. Ég vinn einnig mikið út frá spuna og lögin eru að mótast í dálítinn tíma. Í kvöld stefni ég til dæmis á að enda tónleikana á lagi sem verður til á staðnum," segir Ingunn.

„Ég hlusta á alls konar tónlist, popp, djass og alls konar og get ekki sagt að ég aðhyllist neina ákveðna stefnu. Oftast er ég þó að hlusta eftir textunum, þeir grípa mig oftast á undan tónlistinni sjálfri."

Ingunn Huld Sævarsdóttir flytur afrakstur kúrs í lagasmíðum við Listaháskóla Íslands í kvöld. „Þetta verða skrýtnir tónleikar en þeir snúast um að sjá, eða heyra, vinnuna meðan hún er enn í ferli." MYND/EYÞÓR

Ingunn er tónmenntakennari og hefur undanfarin sjö ár kennt í grunnskóla. Meðfram náminu við LHÍ kennir hún á þverflautu. Hún lauk námi frá Tónlistarskóla FÍH í djasssöng á sínum tíma, spilar á þverflautu en segist „glamra" á önnur hljóðfæri. „Ég glamra á píanó og gítar og ukulele, nóg til að semja á þessi hljóðfæri. Ég spila til dæmis undir hjá sjálfri mér á píanó og gítar í kvöld og verð því ein á sviðinu. Það er smá stressandi en gaman," segir Ingunn. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

NÝTT FRÁ GERRY WEBER - RÓMANTÍSKT OG TÖFRANDI

GLÆSILEGAR SUMARYFIRHAFNIR

SUMARYFIRHAFNIR 20% AFSLÁTTUR

NÝ GLÆSILEG VERSLUN
SKIPHOLTI 29B

SUMARMARKAÐUR
Í FULLUM GANGI
HJÁ LAXDAL LAUGAVEGI
50%-60%-70% afslættir

BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

www.fi.is

Úlfarsfell 1000

Vorkvöld í Reykjavík

– skemmtiganga á Úlfarsfell

Ferðafélag Íslands boðar til skemmtigöngu á Úlfarsfell í kvöld, miðvikudaginn 31. maí kl. 18





FÍ heiðrar nokkra göngugarpa sem gengið hafa fleirihundruð sinnum á Úlfarsfell. Einn göngugarpur úr grasrótarstarfi FÍ gengur í 1000 skiptið á Úlfarsfell í þessari göngu.

Borgarstjóri Reykjavíkurborgar og framkvæmdastjóri FÍ skrifa undir samkomulag um aðkomu FÍ að uppbyggingu á göngustígum í Úlfarsfelli.

Landhelgisgæslan kemur með neyðarsendi sem settur verður upp á Úlfarsfell fyrir göngufólk.

Hinir einu sönnu Stuðmenn stíga á svið og spila nokkur lög á tindi Úlfarsfells. Bjartmar Guðlaugsson og Valdimar taka lagið að ógleymdum fjallakór FÍ.

Háapunktur ferðarinnar verður þegar Ragnar Bjarnason (Raggi Bjarna) stígur á svið og syngur vorkvöld í Reykjavík.

Gönguferðin tekur 2–3 klst.
Mætið vel búin og í góðum gönguskóm.

Skemmtigöngustjórar:
Tómas Guðbjartsson
Páll Guðmundsson

Þátttaka er ókeypis
Allir velkomnir

Styrktaraðilar:

FJALLA KOFINN · Gray Line ICELAND · SPECIAL TOURS · CORNY · STUNDIN · vodafone · ms

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS FÍ 1927 2017 90 ára

Ferðafélag Íslands er 90 ára á árinu

Skráðu þig inn – drífðu þig út – það er aldrei of seint

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími 568 2533 | www.fi.is

Hátíð á Patreksfirði

Skjaldborg, hátíð íslenskra heimildarmynda, hefst á föstudaginn á Patreksfirði og stendur yfir til 5. júní. Þetta er í tólfta skiptið sem hátíðin er haldin en þar eru nýjar íslenskar heimildarmyndir frumsýndar auk þess sem kvikmyndagerðarfólki og áhugafólki um heimildarmyndir gefst tækifæri til að hittast og bera saman bækur sínar.

Aðstandendur hátíðarinnar hafa löngum sýnt heimildarmyndir sem annars kæmu varla fyrir augu almennings, bæði örstuttar myndir og einnig í fullri lengd og efnistökin eru svo sannarlega fjölbreytt og skemmtileg.

Meðal fjölbreyttra viðfangsefna sem myndirnar fjalla um má nefna lífið á Vopnafirði, heimafæðingar og líf Herdísar Þorvaldsdóttur leikkonu. Diddi, eini heimilislausi maðurinn í Keflavík, kemur líka við sögu, FC Kareoki, sem er elsta starfandi mýrarboltalið Íslands og Sveinn, sem hefur séð um bensínafgreiðsluna á Innri-Múla í næstum 50 ár en er verið að loka núna.

Í lok hátíðarinnar verða veitt bæði áhorfendaverðlaun fyrir bestu heimildarmyndina og dómnefndarverðlaun en þau eru veitt í fyrsta skipti í ár.

Armband á hátíðina veitir aðgang að sjávarréttaveislu, plokkfiskboði kvenfélagsins, dansiballi og í sundlaugina. Sala armbanda fer fram í Skjaldborgarbíói og kostar það 7.000 kr.

Nánari upplýsingar á skjaldborg.com.

Ebba Guðný og morgunmatur barna

Í sumar verður Borgarbókasafnið í Sólheimum með fjölskyldumorgna annan hvern fimmtudag klukkan 10-11 og er skemmtileg dagskrá fram undan. Í fyrramálið verður fyrsti viðburðurinn en þá mun Ebba Guðný koma í heimsókn og fræða foreldra um hollan og góðan morgunmat fyrir börn. Ebba Guðný er mörgum að góðu kunn fyrir bækur og matreiðsluþætti þar sem hollustan er í fyrirrúmi. Í sumar er meðal annars fyrirhugað að halda sögustund um lestur skemmtilegra sagna fyrir litlu krílin, ræða um barnabókaviðgerðir en margir eiga lúna bók sem þarf smá yfirhalningu, halda fræðsluerindi um hagnýtan fróðleik fyrir foreldra og búa til listaverk sem henta vel litlum höndum.

Nánari upplýsingar má fá á vefnum borgarbokasafn.is.

Gott að hafa í huga á ferðalagi

Það getur verið tímafrekt að komast í gegnum innritun á flugstöðvum. Ágætt er að undirbúa sig vel áður en lagt er af stað. Fólk gleymir að setja sig inn í þær reglur sem gilda við innritun og þá getur allt tekið lengri tíma. Ferðamenn þurfa að vera með á hreinu hvernig ferðatösku má vera með og að hún sé ekki of þung. Þetta segja yfirmenn á Kastrup við vefútgáfu Jyllands Posten. Áður en farið er út á flugvöll er best að aðgæta frá hvaða brottfararsal (terminal) flugið er. Ef taskan fer í innritun er ágætt ráð að merkja hana með áberandi slaufu svo hægt sé að þekkja hana strax og hún kemur á bandinu.

Mörg flugfélög bjóða upp á innritun á netinu. Það getur sparað mikinn tíma að vera búinn að tékka sig inn og velja sæti fyrir brottför. Reynið að forðast að sitja nálægt snyrtingu, þar getur verið mikill umgangur. Athugið vel hvað þarf að taka af sér og upp úr töskum í öryggisleit. Takið af ykkur belti og skó áður en röðin kemur að ykkur. Þá þarf alltaf að taka upp tölvur og myndavélar. Kynnið ykkur reglur öryggisleitar fyrir brottför. Ekki má hafa skæri, hníf eða vökva á sér. Ef eingöngu er um handfarangur að ræða skal fara vel yfir hvað er í töskunni af snyrtivörum og reglur um slíkan varning.

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang. smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

HARLEY DAVIDSON Touring flhtci electra glide. Árgerð 2006, ekinn 22 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.270255.

Bílasalan Planið
Korputorgi, Reykjavík
Sími. 517 0000
Opið 10-18. Lau 12-16
www.planid.is

100% LÁN
SUBARU Forester LUX. Árgerð 2007, ekinn 127 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.136140.

100% LÁN
KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. TILBOÐ 990.000 staðgreitt. Rnr.162478

100% LÁN
TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgerð 2000, ekinn 220 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 490.000. Rnr.159584

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími. 5861414
http.//www.stora.is

BESTA VERÐIÐ...
BMW X3 xdrive20d f25. Árgerð 2011, ekinn 117 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. leður, LÍTUR MJÖG VEL ÚT, tilboðsverð 3.490.000. uppl síma 567-4000 og 660-7575 Rnr.339553.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími. 5674000
http.//heimsbilar.is

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími. 522 4600
http.//www.krokur.net

FORD B-max titanium. Árgerð 2013, ekinn aðeins 4 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.340446.

VOLVO Xc90 inscription t8 hybrid. Árgerð 2017, Nýr bensín, sjálfskiptur. Verð 11.490.000.Mjög vel útbúnn Rnr.212283.

GMC Sierra denali 3500hd nýja vélin . Árgerð 2017, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 8.050.000. Tilbúinn til afhendingar Rnr.211296.

DODGE Ram 3500 longhornltd . Árgerð 2017, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 7.080.000. Rnr.115798.

DODGE Ram 3500 laramie black l edition. Árgerð 2016, ekinn 20 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 6.900.000. Rnr.115242.

FORD F350 platinium. Árgerð 2015, ekinn 57 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 5.990.000. Rnr.212238.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími. 567 2277
www.nyja.is

Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími. 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bátar

NÝTT - NÝTT - NÝTTHEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKA NR. 12
Góð reynsla - meiri afli Heimavík ehf Heimavik.is sími 892-8655

VEIÐIBÆNDUR
Þjórsá, Ölfusá, Hvítá laxanetin tilbúin. heimavík ehf. S 892 8655 www.heimavik.is

Hjólbarðar

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Löggiltur málari getur bætt við sig verkefnum inni og úti. Uppl. s. 772 1765

Faglæðir málarar geta bætt við sig útiverkefnum. Mikil reynsla og fagmennska í fyrirrúmi. Jón og Marteinn S. 861 1242

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma. 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.
Stærðir í cm. 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir. Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á. VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Heilsa

Nudd

Thai- nuddstofan hjá Joom býður Thailenskt heilsunudd Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 8923899

Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA
Verð frá kr. 99.900. Frír aukahlutapakki að verðmæti kr. 27.880 fylgir fyrirfram pöntuðum vögnum út maí. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Tómstundir & Ferðir

Fyrir veiðimenn

Barnavöðlur í St. 20-35 7.900 kr, St 36-42, 8.900 kr, 4 litir í boði Belti og poki fylgir hverjum vöðlum Verð 7.900 kr Besta verðið !! Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

GÓÐIR MAÐKAR
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133

Húsnæði

Sumarbústaðir

Einbýlishús - sumarhús úr hágæðaharðfuru. Kynnið ykkur úrvalið. Gott verð.

Upplýsingar hjá
ghalldor@simnet.is

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S. 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

BÍLSTJÓRI ÓSKAST
Hraustur, reyklaus og reglusamur. Föst verkefni og vinna á sendibílastöð. Sniðugt sumarstarf fyrir strák/mann sem vill kynnast sendibílaakstri. Getur líka verið framtíðarstarf. skutlari@gmail.com

GINGER

KVÖLD- OG HELGARVINNA.
Ginger í Reykjavík óskar eftir hressu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Ef þú ert orðinn 18 ára, reyklaus og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is

BÍLSTJÓRI ÓSKAST
Morgunhress óskast í hlutastarf 3-6 daga í viku eftir samkomulagi þar með talið önnur hver helgi. Vinnutími ca 6.30-9.30. skutlari@gmail.com

Fasteignir

TRAUSTI fasteignasala

Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
867-3040

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Sölustjóri. Viðskiptafr. lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

FANNAFOLD 180, PARHÚS

OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 31. MAÍ KL.17.30-18.00

Rúmgott og bjart 4ra herbergja 160,5fm.parhús með bílskúr í Fannafold í Grafarvogi. Skjólgóð verönd fyrir framan húsið. Herbergi hússins eru öll rúmgóð. Fallegur sérgarður sem var hannaður af landslagsarkitekt og er með fjölbreyttum gróðri og í góðri rækt. Húsið hefur fengið gott viðhald í gengum árin af íbúum þess.
Verð 64,9 millj.

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

Skeifan fasteignasala

FÖST LÁG SÖLUÞÓKNUN

Eysteinn Sigurðsson / Löggiltur fasteignasali
Þórir Hallgrímsson / hdl. Löggiltur fasteignasali

Þjóttusel 6

Opið hús í dag 31. maí frá kl. 18-18.30

Einstaklega vel staðsett 320,5 fm. hús innst í botnlanga með tveimur útleiguíbúðum og stórum tvöföldum bílskúr við Þjóttusel í Reykjavík. Lóðin sem er tæplega 1.000 fm. er einstaklega falleg, stendur hátt og er með fjölbreyttum gróðri. Friðlýst grágrýtissvæði er rétt við húsið. Efri hæðin er alveg sér en lokað var fyrir stiga á milli hæða og rýmin því algerlega aðskilin og neðri hæðin er því hentug til útleigu. Auðvelt væri að koma fyrirkomulagi í fyrra horf. Neðri hæðin skiptist í tvöfaldan bílskúr og tvær íbúðir sem eru báðar leigðar út. Samtals er í húsinu 6-7 svefnherbergi, 3 eldhús, 4 salerni og 3 geymslur.

Skeifan fasteignasala / Suðurlandsbraut 46 108 Reykjavík / Sími 568 5556 / skeifan@skeifan.is

Atvinna

Húsvörður óskast

Húsfélögin Bólstaðarhlíð 41-45 vilja ráða húsvörð - í hlutastarf (50%) auk nokkurra aukaverka eftir nánara samkomulagi en í húsunum eru 68 íbúðir fyrir íbúa 60 ára og eldri. Verkefni húsvarðar eru almenn þrif á sameign, umhirða um sameign, lóð og bílastæði auk minniháttar viðhalds og endurbóta.

Íbúð er til afnota fyrir húsvörð sem hluti af starfskjörum. Húsvörður þarf að vera snyrtilegur, laghentur og útsjónarsamur og hafa auga fyrir því sem betur má fara.
Skriflegar umsóknir berist:
Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða starfsumsokn@eignaumsjon.is
Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2017.

EIGNAumsjón

Tilkynningar

Heit laug við Langasand á Akranesi

Akraneskaupstaður óskar eftir tilboði í uppsteypu á laugarmannvirki við Langasand á Akranesi ásamt tilheyrandi jarðvinnu og frágangi.

Helstu magntölur:

Steypa	150 m3
Mótafletir	400 m2
Grjótvörn	750 m3

Verklok eru 20. nóvember 2017. Útboðsgögn eru afhent á stafrænu formi með því að senda tölvupóst á netfangið akranes.utbod@mannvit.is, með ósk þar um, þar sem fram kemur nafn, netfang og símanúmer bjóðanda.

Tilboð verða opnuð í ráðhúsi Akranesbæjar, Stillholti 16-18, Akranesi, fimmtudaginn 15. júní 2017 kl. 11:00.

Sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs

man rétt um 230 milljónir umfram það sem var á áætlun. Varðandi mannafla er lögreglan því þokkalega sett fyrir sumarið en lögreglan er einn mikilvægasti hlekkurinn í þessu streymi ferðamanna á milli heimsálfanna en Ólafur var þarna eins og hann gerir stundum að tala svo menn skilji. Það sem hann hafði áhyggjur af var hvenær suðurbyggingin yrði opnuð fyrir vegabréfaeftirlitið, þar sem er orðið mjög þröngt, en það er á áætlun að hún verði opnuð rétt fyrir miðjan júní. Þá myndast aukið pláss og raðir eiga ekki að ná niður að rúllustiganum. Nú fáum við hópinn þangað upp og tökum líka í notkun sjálfvirk vegabréfahlið eins og fólk hefur eflaust séð á flugvöllum erlendis. Og nú geturðu farið í gegnum vegabréfaeftirlit án þess endilega að ræða við lögreglumenn með nýjum vegabréfum. Þá mun fjöldinn sem fer í gegnum vegabréfaeftirlit aukast úr 2.600 manns á klukkustund í 4.000 og hraðinn mun því aukast mikið."

Hvað hafið þið gert til að mæta þessum auknu umsvifum sem hafa fylgt fjölgun ferðamanna síðustu ár? „Við höfum auðvitað stækkað flugstöðina mikið, fjölgað flugvélastæðum og aukið sjálfvirkni. En svo höfum við einnig fjölgað starfsfólki mikið, sérstaklega í flugvernd og þar höfum við sett okkur ákveðin markmið um að halda biðtíma farþega í lágmarki. Kröfur til flugverndar og öryggis eru alltaf að aukast og núna sem dæmi er umræðan um hvort Bandaríkjamenn banni fartölvu í flugi til og frá Bandaríkjunum. Á sama tíma hefur fjöldinn aukist og við höfum því verið að bæta við okkur mikið af fólki og atvinnuleysi á Suðurnesjum er orðið eitthvað sem tilheyrir fortíðinni. Við höfum sett upp nýjan leitunarbúnað þannig að hraðinn í gegn er orðinn mun meiri. Við erum líka búin að gera annað og það er að færa starfsfólk í gegnumlýsingu inn í rólegt og hljóðlátt herbergi og standa þau nú ekki lengur frammi. Allt þetta lýtur að því að menn geti unnið betur og hraðar. Ég held að okkur hafi tekist núna að koma þessu í lag og í raun inni á tveimur árum hefur starfsmanna- og farþegafjöldi tvöfaldast."

Hvernig hefur gengið að fá fólk í vinnu? „Það hefur gengið vel og við höfum fengið fjölda góðra umsókna. Hér sóttu yfir þúsund manns um störf fyrir sumarið á meðan við þurftum ekki nema um 400. Við teljum okkur vera samkeppnisfær í launamálum og að utanumhald um starfsfólk sé gott. Flestir koma af Suðurnesjum en einnig fer fólki af höfuðborgarsvæðinu fjölgandi. Ég hitti nokkra stráka um daginn sem búa í Reykjavík og vinna uppi á velli sem voru að tala um að þeir þyrftu að fara að kaupa sér íbúðir á Suðurnesjum. Ég sagði: Bara endilega, strákar," segir Björn Óli og hlær.

Að sögn Björns Óla keyptu erlendir ferðamenn áður lítið sem ekkert í verslun Fríhafnarinnar á leiðinni inn í landið. Það hefur nú breyst. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Nálgast Schiphol

Flugferðum frá Keflavík og til Norður-Ameríku hefur fjölgað mikið á síðustu árum og segir Björn Óli að þær séu nú fleiri en frá öllum hinum Norðurlöndunum samanlagt. Samkvæmt nýjustu tölum sé Keflavíkurflugvöllur nú í fimmta sæti af flugvöllum í Evrópu hvað varðar fjölda flugferða til Norður-Ameríku og í sjötta sæti ef einungis er horft á flug til Bandaríkjanna.

„Við eigum eftir að skoða þetta betur en það er ljóst að ef uppbyggingin árið 2018 heldur áfram munum við enn frekar styrkja okkar sæti þar og nálgast Schiphol-flugvöll í Amsterdam. Þetta kom okkur mjög á óvart, okkur flugvallanördunum hér innanhúss," segir Björn Óli.

„Þetta sýnir hvað Keflavíkurflugvöllur er orðinn mikilvægur tengivöllur og einn af þeim stóru og sýnir samkeppnina sem við erum í, eða við eins og t.d. Schiphol, Heathrow og Charles De Gaulle í París. Nú verðum við að sinna vel þeirri ábyrgð sem þessu fylgir."

Nú er stjórn Isavia pólitískt skipuð. Hver er þín skoðun á því hvernig valið er í æðstu stjórn fyrirtækisins? „Það er alltaf umræða um hvort það er rétt eða rangt að skipa pólitískt í stjórnir. Það hefur kosti og galla. Kosturinn er að stjórnin hefur ákveðinn skilning á því hvaða stefnu ríkið, sem eigandi, hefur á ákveðnum tímapunkti. Hins vegar eiga stjórnarmenn alltaf, pólitískt skipaðir eða ekki, að hafa hag félagsins fyrir brjósti. Mín reynsla hefur verið að stjórnarmenn hjá Isavia hafa alltaf haft hag félagsins í fyrirrúmi og það hefur leitt til þess að ég hef ekki neina sérstaka djúpa skoðun á þessu."

En þið eruð þá jafnvel að fá inn fólk sem hefur litla þekkingu á flugvallarekstri? „Það sem menn þurfa fyrst og fremst að hafa í huga sem fara inn í svona stjórnir er að þú þarft að hafa ákveðna rekstrarþekkingu og það eru afar fáir aðilar sem eru með þekkingu á þessu umhverfi sem við vinnum í. Menn með flugvallareynslu hér á landi eru ekki margir og þetta er ákveðin sérhæfing. Ef við ætluðum að fá sérfræðinga í þeim málum þyrftum við líklega að leita erlendis. Annars snýr stjórnarstarf fyrst og fremst að góðri eftirfylgni og yfirsýn yfir rekstur og fjármál félagsins. Þegar því er fylgt hef ég ekki miklar áhyggjur."

Isavia og stjórnendur fyrirtækisins hafa verið gagnrýnd fyrir ákveðnar ákvarðanir síðustu ár. Finnst þér sú gagnrýni hafa verið ósanngjörn eða ómálefnaleg? „Isavia er fyrirtæki sem er grunnur að einni stærstu atvinnugrein landsins. Ef Isavia virkar ekki vel þá gildir það sama um greinina. Ef við gerum mistök hefur það afleiðingar og því á að fylgjast með okkur. Svo er hægt að velta því upp hvað er eðlileg gagnrýni og hvað ekki. Starfsfólk fyrirtækisins hefur gert alveg ótrúlega hluti á öllum sviðum sem fylgja rekstrinum og það eru allir að standa sig rosalega vel. Aftur á móti gerist það sundum að lítil mál eða atvik sem fólk gerir athugasemd við eru blásin út. En í stóru myndinni, ef við náum að uppfylla markmið Isavia á faglegan hátt, þá erum við að standa okkur," segir Björn Óli.

„Við erum oft skömmuð fyrir það að færa ekki pening frá Keflavík til innanlandskerfisins. Það er okkur aftur á móti ekki heimilt að gera. Það hefur verið ákvörðun eigandans að tekjur af Keflavíkurflugvelli séu notaðar til uppbyggingar þar. Ef ákveðið verður að fyrirtækið greiði arð, þá fer sá arður beint í ríkissjóð. Það er ákvörðun Alþingis en ekki Isavia hvernig fjármagna á uppbyggingu innanlandsflugvallakerfisins."

VIÐ PRENTUM

Fjölpóstur • Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Kynningarefni
Dagblöð • Stafræn prentun • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu Live. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tónleikahaldari sem mótaði draumastarfið

Svipmynd

Ísleifur Þórhallsson

Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu Live, hefur skipulagt marga af þeim risatónleikum sem á fjörur okkar hefur rekið síðustu ár. Hann er stúdent frá Verslunarskóla Íslands og ferill hans í afþreyingarbransanum hófst þegar hann var ráðinn til Sambíóanna sem grafískur hönnuður. Eftir það lá leiðin á sjónvarpsstöðina Skjáeinn og síðar stofnaði Ísleifur viðburðafyrirtækin Event og Græna ljósið sem runnu inn í Senu. Tónleikahaldarinn situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári? Ég er enn þá að melta það að appelsínugult, ofvaxið smábarn sé leiðtogi hins frjálsa heims. Það kemur mér á óvart á hverjum degi að Donald sé enn þá í embætti. Það er engu líkara en að Chauncey Gardner hafi komist til valda (nema hvað hann meinti vel.)

Hvaða app notarðu mest? Þessa dagana eru það New York Times og Washington Post. Ef Donald fer í stríð við Norður-Kóreu þá er fínt að frétta af því strax. Þetta eru rosalega öflugir fjölmiðlar sem eru búnir að ná góðum tökum á nýjum stafrænum veruleika og það er gaman að fylgjast með því hvernig þeir starfa og óendanlega mikið af góðu efni sem kemur frá þeim. Ekki bara þessi stanslausu skúbb og breaking news (frá Hvíta húsinu sem hriplekur) og það allt, heldur einnig djúpar greiningar, meiriháttar rannsóknarvinna og síðast en ekki síst, flugbeittir pennar í skoðanadálkunum, sem láta allt vaða. Þeir hjálpa manni að skilja hvernig þetta gerðist og hvað gerist næst. Það er smá hjálp í því.

Hvað gerir þú í frístundum þínum? Það er of lítið um frístundir og áhugamál, og stendur alltaf til að bæta úr því. En laus tími fer aðallega í að vera með fjölskyldunni, reyna að slappa af og hreyfa sig, lesa bækur, hlusta á tónlist og horfa á góðar kvikmyndir og þætti. Það er gríðarlegt framboð af góðum þáttum þannig að það hallar aðeins orðið á kvikmyndaáhorfið þessa dagana, því miður.

Hvernig heldur þú þér í formi? Fer í ræktina, hjóla og syndi og reyni að borða sæmilega hollan mat, forðast t.d. rautt kjöt. Og hugleiði með Headspace-appinu, helst daglega.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Ég er hálfgerð alæta á tónlist, sem er ágætt, þar sem starfsins vegna þarf maður að fylgjast vel með og vera opinn fyrir öllu. Það viðurkennist að oft er í uppáhaldi það sem maður er að flytja inn næst! En þessa dagana er rapp og hip-hop sennilega það mest spilaða hér á bæ, menn á borð við Drake, Kendrick Lamar, Aron Can og Sturla Atlas eru ofarlega á öllum mínum playlistum. En líka bönd á borð við Alt-J og Twenty One Pilots. Ég er a.m.k. stoltur af því að hafa ekki fest í þeirri tónlist sem ég hlustaði á tvítugur eins og margir í kringum mann virðast hafa gert.

Ertu í þínu draumastarfi? Það má segja að ég hafi búið þetta starf til (með hjálp góðra manna) þannig að ég get svarað þessu með öruggu jái og það eru mikil forréttindi að geta gert það.

Er kominn tími á að fjárfesta erlendis?

Agnar Tómas Möller
framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA Capital Management.

Margir innlendir fjármagnseigendur eru að spyrja hvenær eigi að byrja að fjárfesta erlendis. Stutta svarið er: „Núna!“ Þótt allt bendi til þess að undirstöður íslenska hagkerfisins séu ákaflega traustar á sama tíma og vaxtamunur við útlönd er í methæðum, hefur raungengi íslensku krónunnar styrkst mjög undanfarin misseri. Þótt vissulega sé innistæða fyrir umtalsverðri raungengishækkun krónunnar er verðsamanburður á milli Íslands og þróaðra stórborga slíkur að talsverðar líkur hljóta að vera á einhverri leiðréttingu til lengri tíma.

Sem dæmi þá kostar stór samsettur matseðill á einum þekktasta veitingastað Lundúna, Nobu, um 20 prósent minna en sjö rétta seðill á Dill veitingastað. Kaffi á Pret-à-Manger kostar helmingi minna en á flestum íslenskum kaffihúsum, upphafsgjald leigubíla er tvöfalt lægra og það sem mestu skiptir, lágmarkslaun í Bretlandi eru meira en þriðjungi lægri en á Íslandi. Raungengi pundsins er enda um 20 prósent veikara en eðlilegt sögulegt meðaltal á móti krónu, og 10 prósent veikara en það fór lægst fyrir hrun. Svipaða sögu mætti segja víða annars staðar.

Blómaskeið fjármagnseigenda

Undanfarin ár hafa verið sannkallað blómaskeið íslenskra fjármagnseigenda. Raunvextir Seðlabankans hafa verið nálægt fjórum prósentum að meðaltali frá ársbyrjun 2014 og verðbólga hefur einungis mælst 1,75 prósent að jafnaði, vel undir verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Á sama tíma hafa skuldabréf, mælt með skuldabréfavísitölusjóði GAMMA (GAMMA: INDEX), skilað góðri ávöxtun eða um fimm prósent raunávöxtun að jafnaði. Síðast en ekki síst þá hefur krónan styrkst um rétt rúmlega 50 prósent og þar af leiðandi aukið virði innlendra fjárfestinga gríðarlega, mælt í erlendum gjaldmiðlum (í því ljósi er vert að hafa í huga að krónan er minnsti sjálfstæði gjaldmiðill í heimi).

Undir eðlilegum kringumstæðum hefði mátt ætla að eftir nærri níu ár í höftum, hefði uppsöfnuð fjárfestingarþörf innlendra fjármagnseigenda verið slík að krónan hefði gefið talsvert eftir í kjölfar haftaafnáms. Hið þveröfuga hefur hins vegar gerst. Áhugi innlendra fjárfesta á að fjárfesta erlendis hefur verið lítill á sama tíma og kaup erlendra aðila á íslenskum eignum hafa aukist eftir að höftum var aflétt.

Vaxtamunurinn stenst ekki

Hvers vegna er lítill áhugi á erlendum fjárfestingum í dag?

Líkt og margoft hefur komið fram er raunvaxtamunur Íslands nálægt sögulegu hámarki, bæði horft til skamms og lengri tíma. Sé litið til þess að munur á skuldatryggingarálagi Íslands og flestra ríkja með hæstu lánshæfiseinkunn er einungis rúmlega hálft prósent, er áhættuleiðréttur raunvaxtamunur ógnarhár; eða um fjögur prósent við helstu Evrópuríki og um 3,5 prósent við Bandaríkin.





Undanfarin ár hafa verið sannkallað blómaskeið íslenskra fjármagnseigenda. Raunvextir Seðlabankans hafa verið nálægt fjórum prósentum að meðaltali frá ársbyrjun 2014 og verðbólga hefur einungis mælst 1,75 prósent að jafnaði, vel undir verðbólgumarkmiði Seðlabankans.

Tvær myndir, annars vegar úr nýjustu Peningamálum Seðlabankans og hins vegar úr seinasta Fjármálastöðugleikariti sama banka, sýna ágætlega af hverju svo hár áhættuleiðréttur raunvaxtamunur getur með engu móti staðist með tilliti til stöðu þjóðarbúsins, og leitt til annars en mikilla sveiflna í gengi íslensku krónunnar.

Fyrri myndin sýnir ótrúlega breytingu á hreinni erlendri eignastöðu þjóðarbúsins sem er í dag talsvert betri en miðgildi helstu Evrópuríkja. Seinni myndin sýnir spá fjármálaráðuneytisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um þróun skulda hins opinbera samanborið við valin samanburðarríki. Samkvæmt því verða skuldir hins opinbera á svipuðum slóðum og hjá ríkjum með hæstu mögulegu einkunn lánshæfismatsfyrirtækjanna.

Þótt mjög jákvæður viðskiptajöfnuður muni í einhvern tíma enn halda áfram að þrýsta á enn frekari styrkingu krónunnar, mun sú þróun smám saman grafa undan getu hagkerfisins til að standa undir svo sterku raungengi. Ekki má gleyma að höftin heyra nú sögunni til að mestu leyti og væntingar geta haft mun meiri áhrif til skemmri tíma á gengi krónunnar en afgangur af vöru og þjónustu. Óvæntar og slæmar fréttir af útflutningsgreinum gætu snúið væntingum mjög hratt og leitt til tímabundins útflæðis krónunnar og snarps gengisfalls. Þótt slíkar sveiflur gætu gengið hratt til baka, gætu tímasetningar fjárfesta á erlendum fjárfestingum í slíkum sveiflum verið óheppilegar.

Alþjóðleg eignadreifing

Hve mikið ættu fjárfestar að fjárfesta erlendis?

Innan nokkurra ára, þegar meira jafnvægi hefur vonandi myndast á gengi krónunnar, munu innlendir fjárfestar horfa frekar til þess hve miklu af eignum sínum þeir vilja fjárfesta á Íslandi heldur en hve mikið þeir vilja fjárfesta erlendis. Enda er talsverð mótsögn í því að minnsti gjaldmiðill í heimi sé upphaf og endir í eignasöfnum fjárfesta sem vilja áhættudreifa eignum sínum. Þótt eignaverð kunni að hækka áfram á Íslandi og krónan sömuleiðis að styrkjast eitthvað, eru allar líkur á að styrkingin muni enda í yfirskoti og sveiflur verði miklar, einkum vegna mikils vaxtamunar við útlönd. Það er í raun enginn vafi á því að hluti eignasafna fjárfesta, þó ekki væri nema 10 til 20 prósent, ætti að fara í erlendar fjárfestingar í dag. Fjárfestar ættu að horfa á hversu mikinn erlendan gjaldeyri þeir eiga í söfnum sínum en ekki eingöngu hversu margar krónur fást fyrir gjaldeyrinn á hverjum tíma. Það er víst að í dag eru þær mjög margar!

Skólabílar, áhafnarrútur og ferðamannarútur

IVECO BUS

NÝLEGA KOSINN ALÞJÓÐLEGUR MINIBUS ÁRSINS 2017

International Minibus of the Year 2017

IVECO DAILY MINIBUS

Fáanleg með 16–22 farþegasætum.
Algeng útfærsla er fyrir 19 farþega.

Frábærlega útfærð og hönnuð smárúta frá Iveco Bus. Ein öflugasta bifreiðin í flokki rúta með 6.500 kg heildarþyngd státar af sterkum undirvagni, mjúkri og sterkri fjöðrun og einstökum aksturseiginleikum. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Þægindi farþega eru í fyrirrúmi og stórir gluggar auka á það, góð loftræsting og þægileg hljóðvist. Hægt er að panta rútuna með fjölbreyttri sætaskipan og breiðu úrvali aukahluta. Mikið er lagt upp úr öryggi farþega og uppfylla allar smárútur frá Iveco Bus ýtrustu öryggiskröfur og Evrópustaðla svo sem ECE 66*.

IVECO DAILY TOURIST COACH

Fáanleg með 20-31 farþegasæti.
Algeng útfærsla er fyrir 27 farþega.

Afburða vel útfærð smárúta sem tekur allt að 31 farþega og er á einstöku verði. Undirvagninn er Iveco Daily 70C sem leyfir heildarþyngd allt að 7,2 tonnum. Yfirbygging er úr trefjaplasti og stoðgrind úr ryðfríu stáli. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Rúmgóðar farangursgeymslur, björt og rúmgóð yfirbygging og fjölbreytt úrval afþreyingarkerfa einkenna þessa bíla. Mikið er lagt upp úr nýjustu tækni og góðri aðstöðu fyrir ökumann. Daily Tourist Coach er fullbúin eftir ýtrustu öyggiskröfum og uppfyllir alla Evrópustaðla svo sem ECE 66*.

*Öryggispróf og staðall þar sem áhersla er lögð á styrk yfirbyggingar við veltu.

FENIKSBUS®

IVECO BUS

Allar nánari upplýsingar fást hjá sölufulltrúa í síma 575 1200 / 825 5215 / sveinnm@bl.is

IVECO BUS - Kauptúni 1 - Sími 575 1200 - www.bl.is

Skotsilfur

Minntist ekkert á Ísland

Það vakti athygli á dögunum þegar **Monica Caneman** ákvað að hætta sem stjórnarformaður Arion banka. Það var ekki síst tímasetningin sem kom á óvart enda hefur bankinn verið að undirbúa sig undir skráningu á markað, meðal annars í Svíþjóð, heimalandi Monicu, en hún hefur setið í stjórnum fjölmargra fjármálafyrirtækja á Norðurlöndum. Á meðal þeirra er danska greiðslukortafyrirtækið Nets þar sem Monica tók sæti fyrir um einu ári. Af því tilefni sendi Nets frá sér tilkynningu þar sem fram kemur að Monica hefði frá 2001 setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, bæði innan og utan fjármálageirans. Monica sá hins vegar ekki ástæðu til að nefna stjórnarsetu sína í íslenskum banka.

Breti við stýrið

Fjárfestirinn **Birgir Þór Bieltvedt** steig um síðustu mánaðamót úr stóli stjórnarformanns Pizza Pizza ehf. David James Wild, forstjóri Domino's Pizza Group (DPG) í Bretlandi, tók þá við en Birgir situr enn í stjórn sérleyfishafa Domino's á Íslandi. Af breytingunni að dæma hefur Seðlabanki Íslands samþykkt kaup DPG á tveggja prósenta hlut til viðbótar í félaginu sem tryggði Bretunum ráðandi hlut eða 51 prósent. Tilkynnt var um kaupin í mars og eins og Markaðurinn hefur greint frá telur DPG að fjölga megi pítsustöðum keðjunnar hér á landi um níu eða 42 prósent.

Tekur við Marinó

Arion banki hefur fyllt í skarð Marinós Arnar Tryggvasonar sem var nýlega ráðinn aðstoðarforstjóri Kviku fjárfestingarbanka. Eftirmaður Marinós sem aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar verður **Hjörleifur Arnar Waagfjörð** en hann hafði nýlega tekið til starfa hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Stefni, dótturfélagi Arion banki. Hjörleifur er fyrrverandi samstarfsmaður Marinós eftir að hafa starfað um nokkurra ára skeið sem sjóðstjóri í eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka.

Teflt við vélmenni í Taípei

Tölvu- og tæknisýningin Computex hófst í Taípei á Taívan í gær og stendur til 3. júní. Þar safnast saman um 1.600 fyrirtæki í yfir 5.000 sýningarbásum. Þema sýningarinnar í ár er gervigreind, þjarkatækni og sýndarveruleiki. Gestum gefst meðal annars tækifæri til að tefla við vélmenni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ætti að fá nýtt markmið

Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Í síðustu viku gagnrýndi ég harðlega þá ákvörðun Seðlabanka Íslands að lækka stýrivexti þar sem ég tel að það muni aðeins bæta olíu á eldinn í því sem gæti vel reynst vera ósjálfbær „bóla“. En þótt á því leiki enginn vafi að ég telji að þörf sé á hertari en ekki lausbeislaðri peningamálastefnu á Íslandi núna þá tel ég mikilvægara að ræða ramma peningamálastefnunnar.

Ég er eindregið fylgjandi því að seðlabankar fylgi reglum í stað þess að framfylgja peningamálastefnu á ófyrirsjáanlegan og valkvæðan hátt. Ég hef hins vegar miklar efasemdir um að Seðlabankinn ætti að hafa verðbólgu sem markmið sitt. Frá mánuði til mánaðar eða frá ári til árs er verðbólgan knúin áfram af framboðsþáttum (til dæmis innflutningsverði eða framleiðni) og eftirspurnarþáttum. Seðlabankinn hefur í raun fulla stjórn á eftirspurnarhlið hagkerfisins (ef hann vill) en enga stjórn á framboðshlið hagkerfisins.

Þar af leiðandi er það frekar heimskulegt að neyða Seðlabankann til að standa skil á markmiði sem hann hefur ekki fulla stjórn á – að minnsta kosti til skamms tíma. Með öðrum orðum hefur Seðlabankinn markmið um 2,5% verðbólgu sem er mæld með neysluverðsvísitölu. En vandamálið er að þar sem Íslendingar flytja inn mestan hluta neysluvara sinna er hætt við að verðbólgan, eins og hún mælist með neysluvísitölunni, sveiflist upp og niður með innflutningsverðinu og þar með genginu. Seðlabankinn getur í meginatriðum stjórnað því en ef hann gerði það myndi það þýða að bankinn þyrfti að bregðast við framboðsrykkjum, en það gæti varla talist góð stefna.

Tillaga mín væri því að breyta markmiði Seðlabankans yfir í markmið um nafneftirspurn í hagkerfinu. Þetta gæti verið markmið um peningaframboð eða nafnvirði vergrar landsframleiðslu. Báðar þessar leiðir hafa hins vegar sína vankanta og þess vegna myndi ég mæla með markmiði um nafnvirði launahækkana á Íslandi.

Til meðallangs og lengri tíma yrði það það sama og verðbólgumarkmið en til skamms tíma væri það öðruvísi og myndi greinilega draga úr hættunni á bólumyndun. Ef allt væri eins og best yrði á kosið ætti Seðlabankinn að hafa markmið um nafnlaunahækkun sem væri summan af langtíma framleiðniaukningu og 2,5% verðbólgu. Ef við gerum ráð fyrir 2,5% framleiðniaukningu og 2,5% verðbólgu myndi það fela í sér markmið um 5% nafnlaunahækkun.

Línuritið sýnir þessar mælingar síðan 2011 (tímabilið eftir kreppuna). Við sjáum að ef við lítum á verðstigið hefur Seðlabankinn skotið yfir markið hvað verðbólgumarkmiðið varðar síðan 2011. En það er jafnvel enn verra ef við lítum á nafnlaunastigið (leiðrétt miðað við 2,5% framleiðniaukningu á ári). Og þetta er það sem ég er að meina. Ef við lítum á neysluverðsvísitöluna þá getur verðbólgan enn verið undir markmiðinu á en eftirspurnarþrýstingurinn veldur meiri áhyggjum og hann segir okkur að skörp verðbólguhækkun gæti verið handan við hornið.

En aðalmálið er ekki hvernig Seðlabankinn ætti að bregðast við þessu heldur það að við þurfum að breyta markmiði Seðlabankans og það fyrr en seinna.

Seðlabankinn hefur skotið yfir markið



Framandi framtíðarstörf

Heiðrún Lind Marteinsdóttir
framkvæmdastjóri SFS og FKA-félagskona

Fyrir nokkru birti PriceWaterhouseCoopers í Bretlandi skýrslu um efnahagshorfur þar í landi. Ein meginniðurstaða skýrslu þessarar var sú að 30% núverandi starfa í Bretlandi verði fyrir áhrifum sjálfvirkni á næstu 15 árum. Hin aukna sjálfvirkni felst þá í aukinni nýtingu vélmenna og gervigreindar til að leysa verkefni sem manneskjan hefur til þessa haft með höndum. Talið er að 38% starfa í Bandaríkjunum og 35% starfa í Þýskalandi verði fyrir sambærilegum áhrifum á þessu sama tímabili.

Þær atvinnugreinar sem taldar eru að verði fyrir mestum áhrifum tækniframfara eru flutningar, framleiðsla, heildsala og smásala. Hefðbundin karlastörf eru líklegri til að verða fyrir áhrifum en kvennastörf og störf sem krefjast aukinnar menntunar eru ólíklegri til að verða fyrir áhrifum sjálfvirkni heldur en störf sem krefjast lítillar menntunar.

Þess skal getið að háskólamenntun er ekki trygging fyrir því að störf þess fólks verði ónæm fyrir aukinni tækni. Sem dæmi má nefna að fyrir nokkru voru sagðar af því fréttir í Bandaríkjunum að lögmenn gætu orðið næsta starfsstétt þar sem tölvur leystu fólk af hólmi. Nú er meðal annars unnt að nýta gervigreind til að gefa rökstudda niðurstöðu lögfræðilegra álitamála, þar sem vísað er til lagaákvæða, dómafordæma og fræða. Þessa þróun sáu fáir fyrir.

Um 205.000 manns eru á íslenskum vinnumarkaði. Verði þróunin hér á landi sambærileg þeirri sem er fyrirséð í Bretlandi og víðar, má áætla að um 60.000 störf verði fyrir verulegum áhrifum sjálfvirkni á næstu 15 árum. Þetta er ótrúlega hröð þróun á skömmum tíma og mikilvægt er að vera undir hana búin. Atvinnurekendur verða að huga að endurmenntun og aðlögun þeirra starfsmanna sem verða fyrir áhrifum sjálfvirkni og á stjórnvöldum hvílir að mennta komandi kynslóðir í skapandi og gagnrýninni hugsun. Þó enginn geti með nákvæmni sagt hvert verði eðli starfa í framtíð, þá er í öllu falli ljóst að sú tæknibylting sem þegar er komin á fleygiferð kallar á víðtæka tækni- og iðnmenntun. Boltinn er því hjá menntakerfinu og nú ríður á að glutra ekki úr höndum okkar einstöku sóknarfæri.

KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM

NÝTT

-15%

STYL VISITOR

13.900 kr.

11.800 kr.

NÝTT

-15%

SITNES HIGH BOB HEILSUKOLLUR

44.500 kr.

37.800 kr.

NÝTT

5 ára ábyrgð

-15%

NAVIGO SKRIFBORÐSSTÓLL

49.900 kr.

42.400 kr.

RAFMAGNSBORÐ

Dönsk hönnun, frábær verð frá PRIMA Twilum

VINSÆLASTA VARAN

PRIMA RAFMAGNSBORÐ 120 X 80

56.000 kr.

PRIMA RAFMAGNSBORÐ 150 X 80

58.600 kr.

PRIMA RAFMAGNSBORÐ 180 X 90

67.800 kr.

Fjöldi lita í boði. Borðin eru einnig til án rafmagns.
Nánari upplýsingar fást í verslun okkar að Síðumúla 37.

KOMUM OKKUR ÚR KYRRSETU

SITJUM Á HREYFINGU

wagner

Dondola®

Einu stólarnir með 360° Dondola veltitækninni.

10 ára ábyrgð*

-50 þúsund krónur!

WAGNER ERGOMEDIC 100-3

199.700 kr.

149.700 kr.

*5 ára ábyrgð á neti, pumpu, armpúðum og Dondola

Þið finnið okkur á Facebook

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

MYNDFORM GRAFÍK

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 31. maí 2017

visir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

Stjórnar-maðurinn

@stjornarmadur

Frelsum leigubílana

Eftirlitsstofnun EFTA gaf nýverið út leiðbeinandi álit um fyrirkomulag leigubílaþjónustu í Noregi. Niðurstaðan var sú í stuttu máli að kerfið þverbryti gegn EES-samningnum hvað varðaði veitingaferlið sjálft, fjöldatakmarkanir leyfa og þá staðreynd að gerð er krafa um að leigubílar tilheyri leigubílastöð. Ljóst er að tveir síðustu þættirnir hið minnsta eru til staðar hér á landi og því líklegt að stofnunin kæmist að sömu niðurstöðu hvað varðar Ísland.

Nú er það þannig að ýmiss konar framfarir hafa orðið í leigubílaþjónustu frá því að þessu gamla einokunarkerfi var komið á. Margir Íslendingar hafa til að mynda kynnst smáforritinu Uber á ferðum sínum. Uber, sem starfar nú orðið í flestum stórborgum, býður notendum upp á að panta leigubíla gegnum snjallforrit. Hægt er að velja um margar gerðir bíla, bið er sjaldnast meiri en nokkrar mínútur og gerðar eru strangar kröfur um ástand og bakgrunn bæði bíla og ökumanna. Þjónusta Uber kostar sömuleiðis talsvert minna en hefðbundin leigubílaþjónusta.

Neytendur hafa líka tekið Uber fagnandi en um 40 milljónir manna ferðast með bílum á vegum Uber í hverjum mánuði.

Hið sama verður þó ekki sagt um stjórnvöld sumstaðar sem því miður hafa látið eftir hagsmunaöflum og reynt að leggja stein í götu Uber. Sem dæmi má nefna Dani sem innleiddu sérstaka löggjöf til höfuðs þjónustunni. Sams konar hindranir hafa líka skotið upp kollinum í Frakklandi.

Á Íslandi er þetta úrelta aðgangskerfi, sem er nú að öllum líkindum í andstöðu við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins, þrándur í götu Uber og annarra sem myndu vilja setja sambærilega þjónustu á laggirnar. Pawel Bartozcek þingmaður vakti máls á því á Alþingi á dögunum hvort ekki stæði til að bregðast við áliti EFTA:

„Samgöngur myndu batna, biðraðir eftir skutli um helgar myndu þurrkast út, bílar gætu nýst betur. Við ættum að bregðast við frelsi með gleði en ekki tortryggni. Við ættum að spyrja okkur sjálf: Ef við værum að skrifa þessi lög í dag myndum við komast að þessari niðurstöðu sem við búum við?“

Þetta er akkúrat kjarni málsins. Frelsum leigubílana.

ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Friðjón Þórðarson til GAMMA

Friðjón Þórðarson

Friðjón Þórðarson, sem starfaði meðal annars sem forstöðumaður verðbréfamiðlunar Virðingar á árunum 2007 til 2008, hefur verið ráðinn til GAMMA Capital Management. Mun Friðjón starfa við sérhæfðar fjárfestingar hjá GAMMA, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Friðjón hefur á undanförnum árum meðal annars unnið fyrir fjárfestingarfélagið Varða Capital.

GAMMA hefur að undanförnu aukið talsvert umsvif sín, meðal annars með opnun skrifstofu í London, og þá vinnur félagið að því að hefja starfsemi í New York og Zürich síðar á árinu. Hagnaður GAMMA á síðasta ári nam 846 milljónum og tvöfaldaðist frá fyrra ári. Eignir í stýringu voru rúmlega 115 milljarðar í lok síðasta árs. – hae

29.5.2017

Það má vera að ófyndin framsetning hans í ástarjátningu til evrunnar sé fyndin í þröngum hópi Viðreisnar, en ég hygg þó að fleiri séu undrandi á þessari framkomu.

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins

FRÉTTABLAÐIÐ

90%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup jan.-mars 2017.

Allt sem þú þarft ...

AEG Alveg einstök gæði

1 ~~MÁNUDAGUR - 29.05~~
2 ~~ÞRIÐJUDAGUR - 30.05~~
3 MIÐVIKUDAGUR - 31.05
4 FIMMTUDAGUR - 01.06
5 FÖSTUDAGUR - 02.06

Aðeins þessi vika!

(Lokað laugardaga í sumar)

AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON 1927-2017

AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON 1927-2017

10 AEG GÁMAR Á 5 DÖGUM

Um 1000 AEG tæki í eldhús og þvottahús Íslendinga.
Tilboð á AEG þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum - á völdum módelum.
AEG ryksugur með 20% afslætti, úrval AEG kæliskápa og frystiskápa, ofnar, helluborð með 30% afslætti, viftur og háfar (Airforce, 50% af völdum módelum).
AEG smáraftæki með 20% afslætti. Verið velkomin í miðstöð AEG á Íslandi.

AEG DAGAR - AÐEINS ÞESSA VIKU

Sölumenn okkar eru í samningsstuði - þið komið og ræðið við sölufólk okkar, sem er í góðu skapi eins og alltaf og sérstaklega fúst til að láta þig njóta besta verðs og greiðsluskilmála, jafnvel vaxtalaust.
Þú færð nútíma AEG tæki og hagnast á samningsstuðinu.

NÝR VEFUR Netverslun ORMSSON.IS

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Lokað laugardaga í sumar

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR BYGG	ORMSSON	PENNINN	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI	TÆKNIBORG	OMNIS	BLÓMSTURVELLIR
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK -EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM	BORGARNESI	AKRANESI	HELLISSANDI
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 4712038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333	SÍMI 422 2211	SÍMI 433 0300	SÍMI 436 6655

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

31. MAÍ 2017 MIÐVIKUDAGUR

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,

Sævar Már Garðarsson

Vatnsnesvegi 27, Reykjanesbæ,

lést 24. maí síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 2. júní kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Landspítalann við Hringbraut.

Jóhann Sævarsson
Helena Sævarsdóttir
Sævar Freyr, Hrafnar Snær
Sigríður Tinna Árnadóttir
Ágúst Svavar Hrólfsson
Hrólfur Jóhann
og Elsa Lilja Eyjólfsdóttir.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Steinn Jónsson

skipstjóri, Hátúni 7, Eskifirði,

